



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 17. JANÚAR 2023 // 3. TBL. // 45. ÁRG.



Sólarhingsgamall hraunveggurinn í Efrahópi í Grindavík.

Víkurfréttamynd: Hilmar Bragi Bárðarson

BYGGÐ ÓGNAD

■ Hraun eyddi þremur húsum ■ Eldgosið nýr veruleiki fyrir Grindvíkinga ■ Sjá umfjöllun á síðum 2, 3, 4, 5, 8, 9 og 13 ■ Sjá einnig vf.is



Víkurfréttamynd: Ísak Finnbogason

Vítamíndagar

18.–21. janúar

25% appsláttur

nettó 

af vítamínum
og bætiefnum

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

RÍKIÐ KAUPI UPP GRINDAVÍK

Grindvíkingar kalla eftir langtímaúræðum og vilja að ríkisvaldið kaupi upp eignir í Grindavík í kjölfar þeirra náttúruhamfara sem hafa gengið yfir bæjarfélagið á síðustu dögum, vikum og mánuðum. Þetta er það sem liggur fjölmörgum Grindvíkingum á hjarta og kom skýrt fram á íbúafundi sem Grindavíkurbær stóð fyrir síðdegis í gær, þriðjudag. „Ef að húsið mitt væri brunnið hefði ég fengið fjárhagslegt sjálfstæði,“ sagði Bryndís Gunnlaugsdóttir, íbúi í Grindavík á fundinum. Páll Valur Björnsson, íbúi í Grindavík, hélt mikla eldmessu og sagði að þeir 115 milljarðar króna sem myndi kosta ríkisvaldið að kaupa upp allar fasteignir í bæjarfélaginu væru smáaurar miðað við hvað Grindavík hefur fært íslensku þjóðarbúi.

Húsfyllir var á íbúafundinum. Settir voru upp stólar fyrir 500 manns og var salurinn þéttsetinn og komust ekki allir að sem vildu. Þá fylgdust þúsundir með fundinum í streymi á netinu.

Það er óhætt að segja að Grindvíkingar hafi verið mjög hrein-skilnir á fundinum og fengu þeir sérstakar þakkir fyrir það. Fundurinn hafi verið gott og nauðsynlegt samtal. „Ætlið þið að borga okkur út? Húsið mitt er verðlaust



í sigdal. Grindavík er gullkista fyrir íslenskt samfélag. Við höfum skaffað gríðarlegar tekjur í íslenskt samfélag. Það á ekki að vefjast fyrir

ríkinu að borga okkur út.“ Þetta eru setningar sem flugu frá bæjarbúum til ráðherra við pallborðið.

Vonin helsta vopnið

Fannar Jónasson, bærarstjóri í Grindavík, sagði það vonbrigði og bakslag þegar gossprungur opnuðust við Grindavík á sunnudag. Hann þakkaði þó fyrir varnargarðana en hraun hefði runnið inn á norðurhluta bæjarins ef garðarnir hefðu ekki verið til staðar. Fannar sagði aðstæður Grindvíkinga vera erfiðar og flóknar. Nú skiptir mestu máli að tryggja langtímaúræði í húsnæðismálum bæjarbúa. Þá sagði hann áætlanir gera ráð fyrir að bærinn byggist upp að nýju. „Vonin er okkar helsta vopn,“ sagði hann.

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Byggðasafn Reykjanesbæjar - Sérfræðingur
Leikskólinn Hjallatún - Leikskólakennari/starfsfólk
Leikskólinn Holt - Leikskólakennari/Starfsmaður
Velferðarsvið - Dagdvalir aldraðra

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn
Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislu?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS



Þorablót Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Haldið 3. febrúar næstkomandi að Nesvöllum.
Húsið opnar kl. 18.30. Borðhald hefst kl. 19.00.

Setning: Kristján Gunnar formaður FEBS

Veislustjóri: Kristján Jóhannsson gleðigjafi.

Hljómsveit: Hinir stórkostlegu og endalaust vinsælu
Bubbi og Vignir sjá um dinner og dansmúsik.

Söngur: Alexandra Chernyshova sópran.

Brekusöngur: Atli Sigurður Kristjánsson spilar og syngur.

Aðgöngumiði: Verð kr. 8.000 á mann.

Matur: Glæsilegt þorrahlaðborð frá Magnúsi Þórisssyni
matreiðslumeistara á Réttinum.

Miðar seldir á Nesvöllum 24. og 25. janúar frá kl. 12.00 til 16.00

Greiðsla: Peningar og posi á staðnum

Björg Ólafsdóttir 865-9897

Kristján B. Gíslason 898-6354

Baldvin Elís 662-3333

Úlfar Hermannsson 661-4065



Allt hreint

Umhverfissvottuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Framkvæmdastjóri

Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag auglýsir lausa stöðu framkvæmdastjóra félagsins. Framkvæmdastjóri hefur aðsetur í íþróttahúsinu við Sunnubraut (Blue höllinni) og er yfirmaður á skrifstofu félagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð framkvæmdastjóra eru:

- Daglegur rekstur skrifstofu
- Innri og ytri stefnumótun
- Innleiða framtíðarsýn félagsins
- Upplýsingagjöf og aðstoð við deildir félagsins
- Utanumhald á viðburðum á vegum félagsins
- Gerð rekstaráætlauna í samstarfi við fjármálastjóra.
- Ábyrgð á fjárreiðum félagsins
- Samskipti við sársambönd og opinbera aðila
- Upplýsingagjöf til stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða reynsla af sambærilegu starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Kostur ef viðkomandi þekkir til íþróttafélaga og reksturs á þeim

Umsóknarfrestur er til 31. janúar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur sendi ferilskrá og kynningarbréf á starf@keflavik.is



Íbúar Grindavíkur virðast margir á þeirri skoðun að ríkisvaldið kaupir af þeim eignirnar í Grindavík. VF/Sigurbjörn Daði

Mjög dökk sviðsmynd raungerðist

Íbúafundurinn hófst á fram-sögu Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra. Hún sagði nýliðinn sunnudag hafa verið þannig að þar horfðum við upp á mjög dökka sviðsmynd raungerast. Verið væri að horfa fram á breytta stöðu en allt frá upphafi hefur verið for-gangsmál að tryggja öryggi, líf og limi. Þegar það hafi verið gert verði hægt að fara í verðmæta-björgun í Grindavík. Katrín fór yfir úrræði ríkisvaldsins í húsnæðis-málum Grindvíkinga og sagði frá því að í næstu viku verði keyptar 70 íbúðir til viðbótar við þær 80 sem húsnæðisfélagið Briet hafði áður keypt. Þá sagði hún frá því að viðræður hafi átt sér stað við líf-

eyrissjóðina til að tryggja að staða Grindvíkinga þar yrði sambærileg við stöðu þeirra hjá bönkunum. Þá verði kraftur settur í stuðning við íbúa Grindavíkur. Katrín sagði að einnig væri verið að skoða úr-ræði til lengri tíma, þannig að Grindvíkingar geti byggt sér upp heimili á nýjum stað. Þá væri unnið að frumvarpi um rekstrar-stuðning við fyrirtæki í Grindavík. Greiðsla launa væri tryggð út júní. Þá ætti að veita Grindvíkingum sálrænan stuðning og taka sér-staklega utan um börnin. Katrín sagði allar áætlanir gera ráð fyrir að verja Grindavík áfram. Nú þyrfti að kortleggja sprungur og hvernig Grindavík væri neðanjarðar. Hún sagði að nú stæðum við frammi fyrir fordæmalausum aðstæðum

þegar kemur að efnahagslegu og samfélagslegu verkefni. Þá sagði Katrín að ekki hefur verið greindur kostnaður við skammtímaúrræði á móti því að kaupa upp eignir í Grindavík. Það sé unnið að því núna að reikna það dæmi.

Getum fengið annað kvikuhlaup eftir mánuð

Kristín Jónsdóttir, deildarstjóri hjá Védurstofu Íslands, fór yfir stöðu mála eins og hún er í dag. Hún sagði að síðan á sunnudag höfum við verið að horfa upp á svipaðan atburð og átti sér stað í desember. Kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi og með sama áfram-haldi getum við verið að horfa upp á annað kvikuhlaup eftir um mánuð. Atburðurinn á sunnudag hafi meðal annars myndað nýjan sigdal austar í bænum. Hann væri 700–800 metra breiður og rúmur einn metri á dýpt. Í atburðinum á sunnudag hafi líka myndast sprungur utan við þennan sigdal og nú væru bæði austur- og vestur-hluti byggðarinnar í Grindavík sprunginn. Myndast hafa fleiri sprungur í bænum og sprungur sem fyrir voru hafa dýpkað. Kristín sagði á fundinum að þegar horft væri til næstu ára þá væru endur-tekin kvikuhlaup inn í þessar sprungur. Hún áréttaði að ekki væri vitað hvað framtíðin bæri í skauti sér og óvissa væri í tíma-skala. Kristín sagði að það gæti



Kvikusöfnun heldur áfram og nýr sigdalur hefur myndast

Kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi með svipuðum hraða og fyrir tvö síðustu gos. Þetta er niðurstaða samráðsfundar vísindamanna sem haldinn var í á þriðjudaginn. Þá hefur nýr sigdalur myndast austan við sigdalinn sem myndaðist 10. nóvember. Sigdalurinn er um 800–1000 m breiður. Til samanburðar var sigdalurinn sem myndaðist 10. nóvember í gegnum Grindavík um 2 km breiður. Sigid innan hans var mest um 1,3 m. Þetta fram í gögnum sem safnað var og unnin á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landmælinga Íslands.

Mesta sig í nýja dalnum er um 30 cm, en vert er að geta að svæðið er enn að síga og dalurinn að víkka. Til samanburðar þá var sigdalurinn sem myndaðist 10. nóvember í gegnum Grindavík um 2 km breiður. Sigid innan hans var mest um 1,3 m.


Innan þessa nýja sigdals var áður búið að kortleggja sprungur sem höfðu myndast og voru sýnilegar á yfirborði. Þær sprungur hafa stækkað og nýjar myndast. Hætta í tengslum við sprungur og að jarðvegur hrynji ofan í þær hefur því aukist í austurhluta Grindavíkur frá því sem áður var, segir í tilkynningu frá Védurstofu Íslands.

„Líkt og í gosinu 18. desember hljóp kvika frá söfnunarstaðnum undir Svartsengi, til austurs og myndaði kvikugang sem teygir sig frá Stóra Skógsfelli og suður undir Grindavík. Þetta staðfesta reiknilíkön. Þau sýna jafnframt að líklega var upptakastaður kvikunnar aðeins vestar nú en áður og því voru GPS mælingar að sumu

leiti frábrugðnar því sem sást 18. desember.

Þegar kvikugangur myndast nálægt yfirborði, tagnar á jarðskorpunni og land sigur yfir miðju kvikugangsins. Ennfremur þrýstist jarðskorpan upp sitt hvoru megin

við hann. Reiknilíkön sem farið var yfir á samráðsfundinum sýna að GPS mælirinn í Svartsengi er staðsettur á þeim stað í jafri kvikugangsins þar sem land rís rétt á meðan gangurinn er að myndast. Nú tveimur sólarhringum eftir að kvikugangurinn myndaðist ætti mælirinn í Svartsengi að byrja að sýna landsig ef kvikusöfnun væri hætt. Svo er ekki og því er ljóst að kvika er safnast fyrir líkt og áður. Kvikugangurinn sem myndaðist í gosinu sem hófst á sunnudaginn liggur heldur austar en kvikugangurinn sem fór undir Grindavík 10. nóvember.“



komið eitt stórt gos eða ítrekuð gos svipað því sem varð á sunnudaginn. Hún sagði að við værum á upphafsárum nýrrar hrinu jarðvár á Reykjaneskaga og þar væri vitað að virkni væri ekki á tveimur stöðum á sama tíma.

Sagði engar góðar fréttir að hafa

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, sagði á fundinum að þessi atburðarás við Grindavík vekur enga gleði. Kvika nær undir Grindavík en hún eigi auðveldar með að fara upp í Sundhnúkum. Hann sagði að það væri líklegt að þetta verði svona og haldi áfram í töluverðan tíma. Hann sagði að við þessar aðstæður væri ekki skynsamlegt að búa í Grindavík. Hann sagði svæðið vera hættulegt og að allir verði að búa sig undir að finna lausnir sem séu ásættanlegar. Hann sagði varnargarða gera gagn en þeir væru ekki fullkomin vörn fyrir byggðina. Menn verði að búa sig undir að atburðarásin



taki langan tíma og þá talaði hann ekki í mánuðum. Hann sagði að áfram verði sprunguhreyfingar og ekki sé vitað hversu lengi þetta ástand muni vara. Það væri fullkomin óvissa varðandi tíma og þá hvenær væri hægt að taka ákvarðanir og því væri betra að hugsa til lengri tíma en bara næstu vikna þegar teknar verða ákvarðanir fyrir Grindavík. Magnús Tumi sagði engar góðar fréttir hafa. Þetta væri gríðarlega stórt högg og erfitt að sjá fyrir endan á atburðarásinni. Það verði langur tíma þar til hægt verði að flytja aftur til Grindavíkur.

Sálfélagslegur stuðningur nauðsynlegur

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, fagstjóri hjá Almannaöfnum og stjórnandi þjónustumiðstöðvar í Tollhúsinu, lagði á fundinum áherslu á sálfélagslegan stuðning við Grindvíkinga og benti jafnframt á félagslega ráðgjöf sem veitt er í þjónustumiðstöðinni í Tollhúsinu í Reykjavík. Þangar væri ekki nauðsynlegt að koma. Hægt væri að hringja í símanúmer Grindavíkurbæjar eða senda tölvu-póst.

VF GRINDAVÍK

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Elskulegir foreldrar okkar, tengdforeldrar, amma og afi, dóttir, systir, bróðir og vinir,

MARGRÉT Á. HRAFNSDÓTTIR OG FRÍMÁNN GRÍMSSON,

lést af slysförum 5. janúar síðastliðinn.

Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju þann 25. janúar nk. kl. 13:00.

Guðni Þór Frímansson Sara Dögg Svansdóttir
Ólafía Ella Guðnadóttir
Elma Eir Guðnadóttir
Elín Frímansdóttir Helgi Karlsson
Henning Smári Helgason
Heiðís Huld Helgadóttir
Hrafn Sveinbjörnsson
Systkini og ástvinir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURÐUR VIGFÚS INGIMUNDARSON, (Siggí á Túnbergi), Vesturgötu 14A, Keflavík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum þann 29. desember 2023.
Útförin hefur farið fram að ósk hins látna.

Synir, tengdadætur,
barnabörn og barnabarnabörn.



Grindavíkurgosið

■ Fimmtu eldsumbrotin á Reykjaneskaga frá 2021 ■ Gos hófst kl. 7:57 þann 14. janúar



Grindavíkurvegurinn verður ekki fær næstu daga eða vikur eftir að þykkur hraunstraumur rann yfir veginn á sunnudaginn. Að ofan má sjá hrauntunguna og bæinn í baksýn. Til hliðar er svo unnið við innri varnargarða þegar gosið stóð sem hæst síðasta sunnudag. VF/Isak Finnbogason

Rétt fyrir kl. 03 aðfaranótt sunnudagsins 14. janúar hófst áköf smáskjálftahrina við Sundhnúksgíga. Á fyrstu tveimur klukkustundunum eftir að hrinan hófst mældust hátt í 200 jarðskjálftar á svæðinu og virknin færðist í átt að Grindavík. Stærsti skjálftinn var um 3,5 að stærð. Mældist hann klukkan 04:07 við Hagafell.

Rétt fyrir klukkan fimm um nóttina var ráðist í skyndirýmingu á Grindavík. Lögreglu- og björgunarsveitabílum var ekið um Grindavík með sírenur til að vekja íbúa, en sofið var í rúmlega 100 íbúðum í Grindavík um nóttina.

Bæði borholubrýstingsmælingar frá HS Orku og rauntíma GPS stöðvar á svæðinu sýndu einnig breytingar og því líklegt að kvikuhlaup hafi átt sér stað. Túlkun á þessum gögnum benti til þess að eldgos væri yfirvofandi og hraungos var líklegasta sviðsmyndin, sagði í samantekt frá Veðurstofu Íslands klukkan fimm um nóttina.

Skjálftar undir byggðinni í Grindavík

Klukkustund síðar, klukkan sex, var greint frá því að skjálftavirknin héldi áfram að færast suður og fleiri skjálftar hafi mælst undir miðri byggðinni í Grindavík. Skjálftavirknin og þær breytingar sem sjást á GPS stöðvum eru samþæfilegar við það sem sást í aðdraganda eldgossins 18. desember. Helsti munurinn nú og þá er sá að skjálftavirknin er talsvert sunnar. Miðað við þróun skjálftavirkninnar var ekki hægt á þessari stundu að útiloka þá sviðsmynd að kvika komi upp innan bæjarmarkanna í Grindavík.

Veðurstofan uppfærði hættumatskort kl. 07:50 í ljósi túlkunar nýjustu gagna. Hætta hafði aukist á öllum svæðum kortsins.

Eldgos hefst

Eldgos hófst kl. 07:57 og fyrsta mat á staðsetningu var SSA við

Hagafell. Af fyrstu myndum úr eftirlitsflugi Landhelgisgæslunnar hefur sprunga opnast beggja vegna varnargarðanna sem byrjað vara að reisa norðan Grindavíkur. Sprungan sem myndast hefur er 900 til 1.000 metra löng. Hraun rann í átt að Grindavík. Þegar klukkuna vantaði um stundarfjórðung í níu um morguninn var hraunjaðarinn sagður í um 450 metra fjarlægð frá nyrstu húsum í bænum.

Þegar klukkan var 12:10 opnaðist ný gossprungu sunnan við fyrstu sprunguna. Nýja sprungan er rétt utan bæjarmarkanna.

Í hádeginu á sunnudeginum sagði Veðurstofan frá því að eld-

gosið við Hagafell hefur haldið sama styrk síðustu klukkustundina eða svo.

Greining á jarðskjálftamælingum sýndi að í upphafi umbrotanna á sunnudagsmorgun leitaði kvikan til suðvesturs frá svæðinu norðan Sundhnúks og náði suður fyrir Hagafell.

Sprungur gliðna

Jarðskjálftavirknin var hins vegar stöðug á sunnudagsmorguninum sem bendir til þess að framrás kvikugangsins hafi stöðvast, en að hann hafi náð að bæjarmörkum Grindavíkur og jafnvel undir bæinn. Aflögunarmælingar benda eindregið til þess að sprungur innan bæjarmarkanna í Grindavík hafi gliðnað af völdum umbrotanna sem fylgdu gosinu og aðdraganda þess. Því var reiknað



Gossprungurnar norðan við Grindavík á sunnudaginn. VF/Isak Finnbogason

með að fleiri sprungur hafi opnast og ef til vill nýjar myndast.

Undir kvöld er greint frá því að enn gjósi úr tveimur gossprungum rétt norðan Grindavíkur, sú stærri er við Hagafell en sú minni er rétt við bæjarmörkin. Hraun rennur úr báðum sprungum.

Hraun rennur inn fyrir bæjarmörkin

Minni sprungan, um 100 metra löng, sem opnaðist um kl. 12 er rétt um 200 metra frá hverfinu Efrahópi í Grindavík. Hraun rennur úr henni inn fyrir bæjarmörkin og veldur þar töluverðu tjóni.

Nyrðri og stærri sprungan sem opnaðist kl 7:57 og er um 900 metra löng og rennur hraun úr henni aðallega til vesturs. Hún er að langmestu leyti norðan

þeirra varnargarða sem undanfarið hafa verið í byggingu. Þeir beina megin hraunstraumnum til vesturs og hefur hrauntungan náð vel yfir Grindavíkurveg og þaðan áfram til suðvesturs. Lítil hluti gossprungunnar er innan varnargarðsins og hefur sú hraunbreiða stækkað hægt. Hraði hraunflæðis er ekki mikill, en er mestur í miðjum hrauntungum.

Unnu þrekvirki við björgun vinnuvéla

Verktakar við byggingu varnargarðanna unnu mikið þrekvirki við upphaf eldgossins. Fjöldmargar vinnuvélar, stærsta jarðýta landsins, beltagröfvar og svokallaðar búkollur voru á varnargarðinum nærri þeim stað þar sem gossprungan opnaðist. Tækjunum var bjargað í sérstöku átaki frá því að fara undir hraun eða brenna af steikjandi hitanum frá hraunstraumnum.

Sömu tæki voru síðan notuð til að loka skarði á Grindavíkurvegi áður en hraunið rann yfir veginn. Það gerðist um hádegisbil en hraunið var að fara um 100 metra á klukkustund. Haldið var áfram við gerð varnargarða vestan Grindavíkurvegar og auknar varnir settar yfir veginn innan varnargarðsins. Þá er búið að ýta upp varnargarði með Nesvegi vestan byggðarinnar í Grindavík.

Kvikugangur undir Grindavík

Samfara myndun kvikugangsins til suðvesturs á sunnudagsmorgun í átt að og líklega undir Grindavík varð mikil aflögun á svæðinu við gosstöðvarnar á nýjum sprungum og á eldri sprungum sem mynduðust 10. nóvember. Þegar kvikugangurinn myndaðist nóttina fyrir gosið varð afar hröð aflögun. Eftir að seinni gossprungan opnaðist dró

MYNDSKEIÐ 
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



Gosprunga sem opnaðist skammt frá Hópshverfinu sendi hrauntungu inn í hverfið og eyddi þremur húsum við Efrahóp. Þarna má líka sjá hraunið sem hefur runnið yfir Grindavíkurvegin. VF/Ísak Finnbogason

verulega úr aflögun og nánast stöðvaðist eftir því sem líða fór á daginn, einkum við Hagafell og norðan þess. Enn mælist þó aflögun innan Grindavíkur en hún fer minnkandi, segir í tilkynningu Veðurstofunnar kl. 18:45 á sunnudagskvöld. Minnkandi aflögun er talið vera merki þess að kvikuþrýstingur sé að ná jafnvægi. Ekki er þó útilokað að fleiri gossprungur myndist.

Í samantekt Veðurstofunnar á mánudaginn kl. 15:00 segir dregið hefur úr hraunflæði upp úr gossprungunum sem opnuðust á sunnudag. Flæðið úr syðri sprungunni rétt við bæjarmörkin virðist hafa stöðvast. Megnið af hraunflæðinu er í suðvestur eftir leiðigarðinum sem reistur var og virðist hafa sannað gildi sitt.

Erfitt er að leggja mat á hversu lengi þetta gos muni standa. Dregið hefur úr skjálftavirkninni og samkvæmt GPS mælingum dregur úr hreyfingum á svæðinu. Áfram mælast þó hreyfingar syðst í kvikuganginum undir Grindavík.

Glíðnunin 1,4 metrar á sólarhring

Út frá mælingum hefur glíðnun innan bæjarmarkanna verið allt að 1,4 metrar síðasta sólar-



Viða um Grindavík eru skemmdir á gatnakerfinu vegna jarðhræringa. VF/Hilmar Bragi

hringinn, frá sunnudegi til mánudags, sem dreifist yfir margar sprungur, nýjar hafa myndast og eldri opnast meira. Nýjar sprungur geta verið að komu í ljós á yfirborði næstu daga.

Eins og áður hefur komið fram þá eru gosstöðvarnar mikið hættusvæði og ekki er hægt að útiloka að nýjar gossprungur opnast án fyrirvara. Það var tilfellið þegar sprungan opnaðist við bæjarmörk Grindavíkur í hádeginu á sunnudaginn. Engin merki sáust á mælitækjum í tengslum við þá gosopnun sérstaklega.

Reyna að átta sig betur á framhaldinu

Næstu dagar fara áfram í mælingar og öflun frekari gagna ásamt greiningu þeirra. Úr þeim gögnum er m.a. verið að vinna reiknilíkön til að átta sig betur á aðdraganda atburðarins og leggja mat á líklega framvindu eldgossins. Eins er verið að bera saman atburðarrásina 18. desember við eldgosið sem hófst á sunnudag til að auka skilning á umbrotunum á svæðinu og leggja mat á hvaða sviðsmyndir eru líklegastar í framhaldinu.



Unnið að gerð varnargarðs og leiðigarðs við Nesveg, vestan byggðarinnar í Grindavík. VF/Hilmar Bragi



Djúpar sprungur eru víða um Grindavík. Þessi er í Hópshverfinu. VF/Hilmar Bragi



Þú finnur allar nýjustu fréttirnar af eldsumbrotum á

vf.is

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



H Í T Ú J B L L E F A G A H A
 Ó Ó G A T I E L A Ð R O R S R
 P G D I Ó S B L L A Ð A O G G
 S A Ó G S É B Æ G Ð U G Ð Í U
 H V H A R Ð U R Ð N R T I M R
 V Æ Ó R Ú P R G M U R T E P Ð
 E A M Ð Ð T S A K B N I B M I
 R G Ú U E Ó S Í J A R L P T K
 F N T R F Ö V S N A Ð R O F E
 I U A I B A F T Ó S K Ú R U T
 P R B N D A R R I U O K A R R
 Ó P E N T L I Ó K N T G S S U
 S S I A G E Ð R P D S M D A D
 Æ R T E B A U S I R D N A L N
 G Ú Æ M A T R M Ó J R U D N E

GRINDAVÍKURGOS
 HÓPSHVERFI
 ELDGOS
 DARRI
 JARÐSIG
 LANDRIS
 HRAUN
 SPRUNGA
 HAGAFELL
 SUND

ENDURTEKID
 HARÐUR
 ROÐI
 DARRI
 ARÐURINN
 ORÐALEIT
 ABALL
 ENDUR
 FRÍÐUR
 FORÐA

Gangi þér vel!

Veiðin hjá bátunum búin að vera góð þrátt fyrir brælutíð

Já, síðasti pistill endaði á þeim orðum að það yrði nú ekki mikið um aflatölur út af brælutíð. En náttúran er í miklu aðalhlutverki núna á Reykjaneskaganum. Jú, það var bræla en til að bæta ofan á það þá hófst eldgos rétt við Grindavík og við höfum fylgst með því hversu illa bæði gosið sem og sprungumyndanir hafa farið með Grindavík.

Áður en til þess kom þá höfðu nokkrir stærri bátar landað afla í Grindavík. Til dæmis Sturla GK sem hafði landað þar 100 tonn um í þremur löndunum, Sighvatur GK kom með 153 tonn og Páll Jónsson GK kom með 129 tonn, báðir í einni löndun til Grindavíkur – en þar með er það upp-talið. Valdimar GK hefur landað í Hafnarfirði og hefur landað þar 134 tonn um í tveimur róðrum en báturinn var við veiðar inni í Faxaflóanum.

Annars er veiðin hjá bátunum búin að vera mjög góð og meira segja færabátarnir hafa eiginlega mokað. Til að mynda hefur Dímon GK landað um 4,5 tonn um í þremur róðrum og af um 2,1 tonn í einni löndun, sem telst nú vera mjög gott miðað við janúarmánuð. Hafdalur GK kom með um 1,8 tonn í einni löndun, Guðrún GK um 1,5 tonn í einni löndun og Agla ÁR tæp þrjú tonn í þremur löndunum. Allt eru þetta bátar sem eru að eltast við ufsann við Reykjanesið og Eldey.

Línubátarnir hafa líka veitt mjög vel og hafa þeir verið með línuna svo til meðfram ströndinni frá Sandgerði og áleiðis að Stafnesi. Margrét GK er langhæst af



bátunum, komin með 88 tonn í átta róðrum og mest 17,7 tonn í róðri, Dúddi Gísla GK 36 tonn í fjórum og mest 13,4 tonn í róðri og Sævík GK er með 34 tonn í þremur og mest 12,3 tonn en þegar þessi pistill er skrifaður er Sævík GK kominn til Þorlákshafnar og hefur verið við veiðar út af Þjórsá, eða á svipuðum slóðum og Jón Ásbjörnsson RE hefur verið við veiðar á. Óli í Stað GK er með 33 tonn í fjórum róðrum, Hulda GK 47 tonn í sex róðrum. Allir þessir bátar eru að landa í Sandgerði. Aðrir bátar eru t.d. Gulltoppur GK með 22 tonn í fjórum róðrum frá Siglu-firði, Vésteinn GK 70 tonn í fimm róðrum og landar á Hornafirði og Djúpvaggi, Gísli Súrsson GK 59 tonn í fimm og Auður Vésteins SU 22 tonn í tveimur, báðir landa í Ólafsvík.

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



17,3 tonn í fjórum róðrum og mest 6,3 tonn í róðri, Sunna Líf GK 11,1 tonn í fjórum og mest 4 tonn, Friðrik Sigurðsson ÁR 83 tonn í ellefu róðrum og mest 16,7 tonn og Erling KE 88 tonn í átta róðrum og mest 23 tonn.

Dragnotabátarnir réru lítið sem ekkert frá því að síðasti pistill var skrifaður og Sigurfari GK er hæstur af bátunum frá Suðurnesjunum, kominn með 49 tonn í fimm róðrum og mest 15,9 tonn í róðri.

Enn sem komið er þá eru dragnotabátarnir einungis þrír en von er á að þeim fjölgi um tvo því undanfarin ár hafa Aðalbjörg RE og Maggý VE stundað dragnotveiðar frá Sandgerði.



VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á timarit.is

Bílaveiðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



Helga Dís Jakobsdóttir, markaðs- og upplifunarstjóri Nettó, og Kristín Gunnarsdóttir, fulltrúi Krambúða og Kjörbúða, veita nemendum viðurkenning við lok starfsnáms.

Samkaup eflir tengsl menntakerfisins við atvinnulífið

Samkaup útskrifaði nýlega átta nemendur frá stafrænni viðskiptalínu Verzlunarskóla Íslands úr átta vikna starfsnámi. Þetta er þriðja skiptið sem Samkaup tekur á móti hópi starfsnema á þriðja ári í Verzló þar sem nemendurnir vinna raunverkefni í tengslum við stafræna verslun og þjónustu og fá tækifæri að kynna atvinnulífinu.

Starfsnáminu lauk með kynningu fyrir stjórnendur Samkaupa þar sem niðurstöður greiningar á samskiptum Nettó og Krambúðarinnar voru kynntar auk þess sem nemendurnir lögðu fram tillögur að auglýsingum sem verslanirnar gætu framleitt.

„Okkur finnst gífurlega mikilvægt að gefa ungu fólki tækifæri til þess að reyna fyrir sér í atvinnulífinu og algjör forréttindi að fá að vinna með og heyra allar hugmyndirnar sem þessir upprennandi einstaklingar hafa. Starfsnám er frábær leið til þess að ungt fólk geti fundið sitt áhugasvið og skemmtilegast er að sjá áhuga þeirra aukast á þessu átta vikna tímabili,“ segir Helga Dís Jakobsdóttir, markaðs- og upplifunarstjóri Nettó.

Mikilvægt að atvinnulífið bjóði tækifæri til starfsnáms

Samkaup hafa sett sér markvissa stefnu að auka formlegar menntunarleiðir innan verslunar og þjónustu. Ásamt samstarfi um starfsnám við Verzlunarskóla Íslands var Samkaup meðal þróunaraðila á fagnámsbraut í sama skóla fyrir starfandi verslunarfólk, sem Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS) hratt af stað.

„Við erum að mæta skýru ákalli um aukin tengsl atvinnulífsins og menntastofnana, en tækifæri fyrir framhaldsskólanema hér á landi til að öðlast starfsreynslu með starfsnámi eru fágæt. Það er okkar skoðun að nauðsynlegt sé að byggja brú milli atvinnulífs og náms á Íslandi. Slíkt er ekki einungis nauðsynlegt fyrir atvinnulífið til að mæta þörfum framtíðarinnar, heldur einnig til að veita ungu fólki handbæra reynslu og þekkingu sem undirbýr það fyrir samkeppnishæfan vinnumarkað,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar- og mannaúðsviðs Samkaupa.

Sólar og Mánar sameinast í eitt sólkerfi

Sólar ehf. og Mánar ehf. hafa náð samkomulagi um að sameina félögin undir nafni Sólar. Fyrirtækin starfa bæði á virkum samkeppnismarkaði þar sem eftirspurn frá viðskiptavinum eftir viðtækri gæða- og heildarþjónustu fer vaxandi.

„Við teljum að samlegðaráhrif sé að finna í áherslum og rekstri fyrirtækjanna sem hvort um sig hefur sína styrkleika. Við erum sífellt að huga að leiðum til að þjónusta viðskiptavinum okkar með betri og skilvirkari hætti en áður, með sérstaka áherslu á umhverfisvitund. Við biðum spennt eftir því að fá Kára framkvæmdastjóri Mána og hans öflugra starfsfólk til liðs við okkur,“ segir Einar Hannesson, framkvæmdastjóri Sólar.

„Mánar hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár með ákveðinni sérhæfingu, til dæmis í ýmissi þjónustu við húsfélög. Við höfum lagt áherslu á hátt þjónustustig og snöggan viðbragðstíma. Með samrunanum verður til enn öflugra félag með aukna samkeppnishæfni og sterkari innviði,“ er haft eftir Kára Þráinssyni, framkvæmdastjóra Mána.

Sólar eru eitt af stærstu ræstingafyrirtækjum landsins með um 500 starfsmenn sem starfa við almenn þríf og sérverkefni. Sólar er leiðandi í umhverfisvernd og voru fyrst ræstingafyrirtækja hér á landi til að fá leyfi til að nota Svaninn, norræna umhverfismerkið. Sólar hefur tíu ár í röð verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo og eru á meðal þeirra 2,8% fyrirtækja sem uppfylla skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar um fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri.



Einar Hannesson, framkvæmdastjóri Sólar, og Kári Þráinsson, framkvæmdastjóri Mána.





Margir horfðu á þegar framtíðarheimili Hrannars og fjölskylda hans varð hrauninu að bráð og brann í beinni útsendingu.



HAFA MISST TVÖ HEIMILI Í HAMFÖRUNUM

„Ég er sannfærður um að við byggjum Grindavík upp á ný,“ segir Hrannar Jón Emilsson.

„Þetta er bara hús sem eyðilagðist, enginn slasaðist svo þetta hefði getað farið miklu verr,“ segir Hrannar Jón Emilsson en hann og fjölskylda hans hafa tapað tveimur húsum í hamförnum að undanfögnu. Húsið sem fjölskyldan bjó í við Víkurbraut skemmdist í skjálftunum í lok nóvember og þá átti fjölskyldan nýbyggt hús við Efrahóp sem brann á sunnudag.

Hrannar og fjölskylda voru búin að vera bæði í sumarbústað í Grímsnesi og í íbúð í Garðabæ síðan 10. nóvember og plön fjölskyldunnar voru að flytja inn í hið nýja hús með vorinu þegar Grindvíkingur yrði hleypt aftur til búsetu í bænum. „Við höfum það bara fínt miðað við aðstæður. Ég var á leiðinni austur í sumarbústað þegar það var hringt í mig og mér sagt að önnur sprunga hefði opnast, ansi nálægt mínu húsi. Ég vissi því hvað var í vændum en það liðu einhverjir klukkutímar þar til hraunið náði til hússins, ég var kominn til baka áður en kviknaði í og eftir það var þetta auðvitað búið spil. Mér fannst kannski athyglisverðast hvað tók langan tíma fyrir hraunið að kveikja í húsinu, ég var greinilega að byggja sterkbyggt hús og það var greinilega mjög vel brunavarið. Byggingarefnið er svokölluð CLT-eining, límtré sem er mjög vel brunavarin. Þegar jarðskjálftarnir miklu voru 10. nóvember, kom nákvæmlega ekkert fyrir húsið.

Ég var búinn að sparsla og mála, það sá ekkert á neinu svo ég get alla vega verið ánægður með bygginguna og veit hvernig ég vil gera hlutina næst þegar ég byggji.“

Á meðan Hrannar var að byggja nýja húsið, bjó hann ásamt fjölskyldu sinni í húsi sem amma hans og afi byggðu, Gnúpi á Víkurbraut 30 í Grindavík. Það hús ásamt öllum húsum þaðan til norðurs á Víkurbrautinni eru ónýt því stóra sprungan liggur undir húsunum.

„Nei, það er sjálfsagt rétt hjá þér. Það hafa líklega ekki fleiri Grindvíkingar fengið að upplifa þetta tvennt. Öll húsin á Víkurbrautinni eru ónýt en ég náði að bjarga öllum persónulegu mununum mínum út úr því húsi og sem betur fer vorum við ekki flutt inn í nýja húsið í Efrahópinu. Nágrannar mínir, sem misstu húsin sín, misstu í raun mun meira því allir persónulegir munir og allt innbúið er brunnið til kaldra kola. Ég ætla því ekkert að verkenna sjálfum mér, við munum



GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



einfaldlega byggja nýtt hús þegar það verður hægt í Grindavík,“ sagði Hrannar.

Þrátt fyrir áfallið gerir Hrannar ráð fyrir að fjölskyldan muni áfram vilja búa í Grindavík í framtíðinni. „Ég er það mikill Grindvíkingur og konan mín er héðan líka, því er mjög líklegt myndi ég halda að við munum flytja aftur til Grindavíkur þegar það verður hægt. Við erum samt ekki að hugsa um það núna, við erum nýbúin að lenda í að horfa á framtíðarheimilið okkar brenna og við vitum ekkert hvernig málin munu þróast á næstunni. Áður en þetta gerðist var ég á fullu að klára húsið og okkar plan var að flytja inn í vor. Við vorum fyrstu dagana eftir rýminguna í nóvember í sumarbústað í Grímsnesi, fórum svo í íbúð í Njarðvík en fyrst safnskólarnir eru í Reykjavík ákváðum við að flytja í Garðabæ og getum verið hér eins lengi og við viljum. Vardandi framtíð Grindavíkur sé ég ekkert annað en við byggjum bæinn upp aftur. Við sáum Vestmannaeyjar fara illa



Hrannar með börnum sínum, Ívar tíu ára, Frans fimm ára og Halldór tveggja ára.

í gosinu '73, Selfoss og Hveragerði lentu í miklum jarðskjálftum um aldamótin og allir hafa þessir staðir náð að byggjast upp aftur. Með rétt hugarfar í farteskinu sé ég ekkert annað en Grindavík byggist upp aftur, ekki nema eitthvað annað stórt áfall ríði yfir en ég hef ekki trú á að það gerist á næstunni. Auðvitað er maður með bak við eyrað á sér hvernig síðasta svona skeið var fyrir 800 árum en ætli ég sé ekki bara svo mikill Grindvíkingur að ég næ að horfa fram hjá því,“ sagði Hrannar að lokum.

„Ég er það mikill Grindvíkingur og konan mín er héðan líka, því er mjög líklegt myndi ég halda að við munum flytja aftur til Grindavíkur þegar það verður hægt. Við erum samt ekki að hugsa um það núna, við erum nýbúin að lenda í að horfa á framtíðarheimilið okkar brenna ...“

Nýja húsið var langt komið fyrir nokkrum mánuðum síðan. Fjölskyldan ætlaði að flytja inn í það í vor.



Helgi Rafn, bróðir Hrannars er hér við húsið sitt við Vesturóp eftir jarðskjálftana í nóvember. Stór sprunga hafði opnast meðfram og undir húsinu. Hið hörmulega slys varð síðan í byrjun janúar að starfsmaður verktaka féll ofan í sprungu við endann á húsinu. Leit að honum bar ekki árangur.

Mun ekki flytja aftur til Grindavíkur í bráð

„Vonandi munu stjórnvöld virkilega girða sig í brók núna,“ segir Morten Þór Szmiedowicz sem missti húsið sitt í eldgosinu.

„Við flytjum hugsanlega til Grindavíkur aftur eftir fimm til tíu ár,“ segir Morten Þór Szmiedowicz en hús hans og fjölskylda hans varð hrauninu að bráð í eldgosinu á sunnudaginn. Fjölskyldan getur ekki hugsað sér að setjast að í Grindavík strax og er farin að kíkja í kringum sig.

Morten var í þilumóti með syni sínum þegar seinni sprungan opnaðist og var í raun feginn að vera frekar þar í stað þess að horfa á húsið sitt brenna. „Mér líður bara nokkuð vel. Ég er alla vega kominn með skýrar línur í mín mál. Nú fæ ég bara húsið mitt bætt en á sama tíma horfa aðrir Grindvíkingar upp á að það er að fara frysta og húsin eru ekki upphitð og þess vegna miklar líkur á að lagnir frostsprangi og það er mikið tjón. Munu tryggingarnar sjá um það tjón? Vonandi en ég segi fyrir mitt leyti að þetta er ákveðinn léttir, eins furðulegt og það má hljóma. Það var auðvitað ómurllegt að sjá húsið sitt brenna, hús sem ég tók þátt í að smíða en núna tekur einfaldlega nýr kafli við hjá okkur fjölskyldunni, við munum ekki byggja aftur í Grindavík.“

Morten vill sjá íslensk stjórnvöld gera miklu meira



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is

fyrir Grindvíkinga. „Mér finnst stuðningurinn búinn að vera afskaplega lélegur. Þessi leigustyrkur er bara til málamynda finnst mér. Bara fyrsta mánuðinn þurfti ég eyða u.þ.b. hálfri milljón í eldsneyti, við erum búin að þurfa flytja margoft, við erum í fjárbúskap svo þetta hefur verið erfitt. Af hverju var ekki hægt að setja Grindvíkinga á dagpeninga eins og embættismenn eru með? Ekkert mál að hjálpa alþingismönnum sem eru með svimandi há laun, láta þá fá dagpeninga en það er ekki hægt að gera það fyrir okkur Grindvíkinga á þessum viðsjárverðu tímum? Vonandi munu stjórnvöld virkilega girða sig í brók núna,“ segir Morten.

Fjölskyldan er farin að líta í kringum sig en hver er draumastaðurinn? „Ég held að mér lítist best á Þorlákshöfn. Við erum með rollurnar okkar í Selvoginum, það eru ekki nema tíu mínútur að skjótast þangað, íþróttalífið er öflugt í Þorlákshöfn, þar er góð höfn, þetta er lítið falllegt



Morten segist hafa lent í óskemmtilegri uppákomu þegar hann og tengdaforeldrar hans ætluðu að sækja rollurnar

„Ég er búinn að vera að skoða fasteignir síðan rýmingin átti sér stað í nóvember, bara til að fylgjast með. Nú setjumst við fjölskyldan bara yfir þetta og tökum ákvörðun saman. Hvort og hvenær við flytjum aftur kemur bara í ljós...“

samfélag sem svipar mikið til Grindavíkur. Ég er búinn að vera að skoða fasteignir síðan rýmingin átti sér stað í nóvember, bara til að fylgjast með. Nú setjumst við fjölskyldan bara yfir þetta og tökum ákvörðun saman. Hvort og hvenær við flytjum aftur kemur bara í ljós, í síðasta lagi munum við gera það þegar börnin verða flogin úr hreiðrinu en við myndum alls ekki verða róleg með börnin úti að

leika, eins og ástandið er núna í Grindavík.“

Morten segist hafa lent í óskemmtilegri uppákomu þegar hann og tengdaforeldrar hans ætluðu að sækja rollurnar. „Tengdamóðir mín hringdi í mig eftir hádegi og bað mig um að koma með þeim Grétari að sækja rollurnar okkar, hún var búin að vera í samskiptum við yfirvöld og var komin með munnlegt leyfi til þess. Við fórum Nesveginn til Grindavíkur, gerðum grein fyrir okkur á lokunarpósti og það gekk allt saman vel en þegar við vorum komin inn í Grindavík vorum við tekin tali af sérsveitarlögrefulki en skilaboðin höfðu ekki borist til þeirra. Við margreyndum að gera grein fyrir okkur leyfi en allt kom fyrir ekki, við þurftum að yfirgefa bæinn. Ég viðurkenni fúslega að það hreinlega sauð á okkur á leiðinni og við ákváðum að koma við í samhæfingarmiðstöðinni í Reykjanesbæ og reyna fá úrlausn okkar mála. Við reyndum að vera kurteis en viðmótið sem mætti okkur var ekki jákvætt að okkar

mati og þar sem þráðurinn var stuttur í okkur fyrir, tókst okkur ekki mjög vel að halda kúlinu. Þórlaug sagði lögreglufólkinu að ég hefði verið að missa húsið mitt og hún var spurð hvaða hús það hefði verið og þá snappaði ég endanlega, héldu þau að við værum að ljúga eða hvað! Ég fór síðan út, víðraði hundinn og reyndi að ná mér niður og þá kom almennilegur lögreglumaður og ræddi við mig, sagði að þau myndu gera sitt besta til að þetta myndi ganga upp hjá okkur. Það gekk, við fengum að fara aftur inn í Grindavík og sækja rollurnar okkar, fórum svo Suðurströndina til baka og komum kindunum okkar inn í fjárhúsið í Selvoginum. Við vorum komin heim um miðnætti og vorum fljót að sofna eftir verulega erfiðan dag,“ sagði Morten að lokum.



Unndór og Birna kona hans á góðri stundu.

Skelfilegt að horfa á húsið brenna

„Það vantaði bara að Stallone birtist á skjánum,“ segir Unndór Sigurðsson en hann var einn þriggja húseigenda í Grindavík sem misstu húsin sín undir hraunið úr eldgosinu.

Unndór Sigurðsson og fjölskylda voru búin að koma sér vel fyrir í húsinu sínu í Efrahópinu í Grindavík og horfðu skelfingu löstin þegar hraunið náði að húsinu þeirra og það fuðraði upp. Þrátt fyrir áfallið kemur ekkert annað til greina en búa áfram í Grindavík í framtíðinni.

Unndór og Birna konan hans horfðu á þegar hraunið náði að læsa klónum í húsið þeirra en sendu börnin annað á meðan. „Mamma hringdi í mig um nóttina og sagðist halda að það væri að byrja að gjósa. Ég spáði ekkert í því og sofnaði aftur, vaknaði svo og horfði með öðru auganu. Svo þegar seinni sprungan opnaðist, og ég sá hvað hún var nálægt

húsinu mínu, sá ég í hvað stefndi. Það var einfaldlega skelfileg tilfinning að sjá þegar húsið var farið að brenna. Börnin voru fyrst með okkur en svo tók tengdapabbi þau afsíðis, ég vildi ekki að þau myndu horfa á þennan hrylling. Við börðumst mikið fyrir því að eignast þetta hús á sínum tíma svo það var mjög skritin og óþægileg tilfinning að horfa á það fuðra upp. Ég er búinn að sveiflast fram og til baka í tilfinningaskalanum, allt frá því að gráta, vera reiður en svo get ég hálfpartinn hlegið að þessu þegar ég hugsa til baka á meðan við vorum að horfa. Ég sá þegar eldurinn læsti sig í heita pottinum á pallinum og hann blossaði upp, mér fannst bara vanta að Sylvester Stallone

myndi birtast á skjánum í þessari hamfarakvikmynd, þetta var algjörlega fátíðlegt.“

Unndór er fæddur og uppalinn Grindvíkingur og mikill Grindvíkingur í sér. Eiginkona Unndórs, Birna Skúladóttir, er frá Njarðvík og því mætti leiða líkum að því að hún væri ekki eins mikill Grindvíkingur í sér en Birna er kyrrfílega búin að koma sér fyrir í grindvísku samfélagi. Fjölskyldan sér ekkert annað fyrir sér en snúa til baka þegar það verður leyft.

„Þetta er auðvitað galin staða, ég er allslaus í dag, húsið mitt er brunnið og nánast öll mín fót voru þar. Allt innbú, allt mitt dót var þarna og er einfaldlega farið. Ég er á leiðinni að kanna hvernig þetta virkar, hvenær fáum við húsið greitt út, eigum við að hætta strax að borga af húsnæðislaninu, varla þurfum við að borga fyrir rafmagn og heitt vatn, það er víst nógu heitt þarna núna, ýmsar svona furðulegar spurningar poppa upp. Ég er bara það mikill Grindvíkingur í mér og Birnu hefur liðið mjög vel hér, börnin okkar þekkja ekkert annað svo við sjáum ekkert annað fyrir okkur en byggja upp aftur í Grindavík. Við erum búin að ræða þetta áfall við börnin mín en eflaust mun taka þau tíma að átta sig á þessu. Við eigum þrjú börn, fjögurra, átta og þrettán ára. Við erum að fara



ferma hana í vor, ég var búinn að panta Verkalýðshúsið en það er líklega ónýtt vegna sprungunnar, þá ætluðum við bara að halda ferminguna heima hjá okkur en húsið er brunnið, svo þetta er hálf hjákátlegt allt saman,“ sagði Unndór.

Unndór hefur kennt við grunnskóla Grindavíkur í að verða tuttugu ár, hefur þjálfað börn í körfuknattleik lengur og einfaldlega finnur hve hjartað slær fyrir Grindavík.

„Við fjölskyldan erum búin að vera í Njarðvík og ég keyri í safnskólann í Reykjavík, þjálfá í Austurbergi tvisvar sinnum í

viku svo það hefur farið ágætlega saman. Skólastarfið er komið í fastar og góðar skorður núna í safnskólunum, ég myndi segja að þetta sé að ganga mjög vel. Þjálfunin hefur líka gengið vel en auðvitað er hópurinn tvístraður út um allt svo ég hef brýnt fyrir mínum leikmönnum að þegar við keppum, séum við að berjast fyrir Grindavík. Í öllum þessum tilfinningarússibana að undanförunu hef ég reynt að forðast að vera reiður en ætli hún muni ekki blossa upp og ég rekin út úr húsi næst þegar liðið mitt er að keppa,“ sagði Unndór að lokum.



Mynd tekin úr pottinum góða.

Haldið áfram með leikskóla og eftirspurn eftir íbúðalóðum í Suðurnesjabæ

Helstu fjárfestingar í Suðurnesjabæ á árinu 2024 eru áframhald við nýbyggingu leikskólans Grænuborgar í Sandgerði. Áætlað er að leikskólinn verði fullbúinn til notkunar fyrir vorið 2024 og er gert ráð fyrir að framkvæmdakostnaður ársins 2024 verði 285 milljónir kr. Þetta kemur fram í samantekt á vef Suðurnesjabæjar um fjárhagsáætlun og gjaldskrár fyrir árið 2024. Haldið verður áfram með fjárfestingar í innviðum í nýjum hverfum í báðum byggðakjörnum, með gatnagerð og tengdum framkvæmdum og er áætlað að kostnaður við þau verkefni verði alls 275 milljónir kr. á árinu 2024. Mikil eftirspurn er eftir íbúðalóðum í Suðurnesjabæ og er áætlað að uppbygging íbúðarhúsnæðis haldi áfram á fullum krafti næstu misserin.

Hefja framkvæmdir við gervigrasvöll

Gert er ráð fyrir að hafnar verði framkvæmdir við gervigrasvöll á árinu og er fjárheimild til þess verkefnis 200 milljónir kr. á árinu 2024 og 190 milljónir kr. næstu tvö ár á eftir. Þessu til viðbótar eru ýmis minni verkefni á framkvæmdaáætlun ársins 2024.

Flestar gjaldskrár hækka um 7,5%

Flestar gjaldskrár sveitarfélagsins hækka um að meðaltali um 7,5% en algengasta hækkunin er á bilinu 6,5% upp í 8,5%, einhverjir liðir hækka þó meira en aðrir liðir minna. Hækkun þessi er í takt við þróun verðlags samkvæmt samþykktum markmiðum fjárhagsáætlunar.

Töluverðar breytingar eru á kostnaði við sorpmál en sorphirðu- og sorpeyðingargjald verður hér

eftir nefnt sorpgjald og er gjald fyrir hvern úrgangsflokk eftir stærð íláta. Hækkun þessa gjalds er í takt við hækkun almennt hjá nágranna-sveitarfélögum Suðurnesjabæjar og er að jafnaði um 30%.

Aukinn stuðningur við barnafjölskyldur

Aukin áhersla er á að styðja við barnafjölskyldur í Suðurnesjabæ. Umönnunarbætur fyrir foreldra sem ekki nýta dagvistun hjá dagforeldri hækka úr 45 þús.kr. upp í 100 þús.kr. fyrir hvern mánuð. Fyrsta greiðsla er að loknum réttindum til fæðingarorlofs og eru greiddar þangað til að barn fær inngöngu í leikskóla eða verður tveggja ára.

Niðurgreiðsla dagvistunar hjá dagforeldri hækkar í 80 þús.kr. á mánuði m.v. átta tíma vistun þangað til að barnið nær átján mánaða aldri.

Niðurgreiðsla dagvistunar hjá dagforeldri fyrir börn átján mánaða og eldri verður hækkuð í 112 þús.kr. á mánuði m.v. átta tíma vistun þangað til að barni verður boðin innganga í leikskóla.

Niðurgreiðsla á máltíðum nemenda í grunnskólum Suðurnesjabæjar verður aukin úr 50% upp í 60%, því munu foreldrar greiða 40% í stað 50% áður.

Innleiddur verður fjölskylduafsláttur af máltíðum nemenda í grunnskólum Suðurnesjabæjar þannig að gjaldfrjálst verður fyrir börn frá sömu fjölskyldu umfram tvö.

Tilraun með frístundaakstur

Hafin verður frístundaakstur barna á milli byggðarkjarna virka daga frá kl. 14 til 17 þegar að æfingar eru í íþróttamiðstöðvum. Um tilraunaverkefni er að ræða fram á vorið en verkefnið verður endurmetið í maí m.a. með tilliti til nýtingar.

Í samræmi við áherslu bæjarstjórnar um ábyrgð og aðhald í fjármálum, bæði varðandi rekstur og fjárfestingar, verður á árinu 2024 sérstök áhersla á greiningu á rekstrareiningum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að auka aðhald í rekstri.

Nánar má lesa um málið á vef Suðurnesjabæjar.



Ráðherra og starfsfólk og forráðamenn Suðurnesjabæjar.

Samstarf um þjónustu við fylgdarlaus börn

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Suðurnesjabær hafa gert með sér samstarfssamning varðandi þjónustu við fylgdarlaus börn sem koma til Íslands í leit að alþjóðlegri vernd. Þar sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar er innan Suðurnesjabæjar tekur barnavernd sveitarfélagsins utan um börn sem koma til landsins með flugi og óska eftir alþjóðlegri vernd við komuna til landsins. Mikil aukning hefur verið á fjölda barna sem koma til landsins í þessum tilgangi og hefur Suðurnesjabær tekið utan um börnin og átt um það verkefni mjög gott samstarf við mennta- og barnamálaráðuneyti.

Samkvæmt samningnum mun velferðarsvið Suðurnesjabæjar annast það verkefni að halda utan um málefni fylgdarlausra barna og mun öðrum sveitarfélögum standa til boða þjónusta sveitarfélagsins og búsetuúrræði ef rými er til staðar. Þannig geta önnur sveitarfélög mögulega flutt mál fylgdarlausra barna til Suðurnesjabæjar.

Fylgdarlaus börn á flotta eru almennt mjög viðkvæmur hópur og því mjög flókið að halda utan um þeirra mál. Það er því ánægjulegt að mennta- og barna-

málaráðuneytið hafi gert samstarfssamning við Suðurnesjabæ um þetta mikilvæga verkefni. Það staðfestir hve vel starfsfólk sveitarfélagsins hefur staðið að málefnum barnanna, haldið utan um þau af alúð og fagmennsku og veitt þeim traust skjól.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, undirrituðu samstarfssamninginn föstudaginn 5. janúar 2024.

„Fylgdarlaus börn á flotta eru sérlega viðkvæmur hópur og verkefnið flókið. Það er addáunarvert hvernig Suðurnesjabær hefur brugðist við til að leysa þetta verkefni af fagmennsku og alúð og eru nú tvö búsetuúrræði starfrækt í sveitarfélaginu. Ljóst er að bregðast þarf við aukningu á komu fylgdarlausra barna og styðja við þjónustuna með farsæld barnanna að leiðarljósi,“ segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.

„Suðurnesjabær lýsir ánægju með samstarfssamninginn, sem byggir á góðu og traustu samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið um þetta mikilvæga málefni,“ segir Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar.

Engar verðhækkningar hjá Byko næstu sex mánuði

BYKO hefur tekið ákvörðun um að hækka ekki verðlistaverð að minnsta kosti næstu sex mánuði. Til að ná þjóðarsátt þurfa allir aðilar að koma að málum, fyrirtæki landsins, hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins. Ákvörðun BYKO er tekin til að sýna í verki samfélagslega ábyrgð í takt við áherslur fulltrúa verkalyðsforystunnar og atvinnulífsins.

„Í BYKO erum við meðvituð um mikilvægi þess að taka virkan þátt í samfélaginu og leggja okkar af mörkum til að bæta lífsgæði Íslendinga. Með ákvörðun okkar um að halda verði stöðugu næstu sex mánuði, viljum við ekki aðeins sýna ábyrgð okkar sem leiðandi fyrirtækis, heldur einnig vera hluti af lausninni í baráttunni gegn verðbólgunni, í samræmi við áherslur



Teikning af fyrirhugaðri verslun BYKO í Reykjanessbæ.

fulltrúa verkalyðsforystu og atvinnulífs. Við trúum því að með því að stiga þetta skref getum við hvatt aðra til að fylgja okkar fordæmi og þannig stuðlað að heilbrigðara hagkerfi. Góður andi í kjaravíðræðum gefur tilefni til hjartsýni og vill BYKO leggja sitt að mörkum til að svo verði áfram. BYKO kann að endurskoða ákvörðunina í ljósi breytinga á hagkerfinu og niðurstöðu kjarasamninga,“ segir Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO.

Fimm viðburðir í Listasafni Reykjanesbæjar á árinu

Listasafn Reykjanesbæjar hefur lagt fram sýningaáætlun fyrir árið 2024. Þar er gert ráð fyrir fimm sýningum á árinu.

- 24. febrúar: Opnun: Líbia Castro & Ólafur Ólafsson, sýningin stendur til sunnudagsins 28. apríl.
- 3. maí. Opnun: Listahátíð barna og ungmenna 2024, til sunnudagsins 12. maí.
- 25. maí. Opnun: Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, sýningin stendur til sunnudagsins 18. ágúst

- 7. september, Ljósanótt 2024. Opnun: Bjarni Sigurbjörnsson, fremri listasalur. Sýningin stendur til sunnudagsins 5. janúar 2025
- 8. september, Ljósanótt 2024. Opnun: Kristinn Már Pálmason, listasalur sjávarmegin, úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar og ný verk. Sýningin stendur til sunnudagsins 5. janúar 2025.



Leikskólinn Grænuborg er í byggingu og áætlað er að hann verði tilbúinn til notkunar fyrir vorið 2024. VF/Hilmar Braji



ÍÞRÓTTAFÓLK REYKJANESBÆJAR 2023

Þann 21. janúar næstkomandi klukkan 17:00 fer fram sameiginlegt hóf íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Ungmennafélags Njarðvíkur og Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

Hér er um að ræða mikil hátíðarhöld þar sem íþróttafólkið okkar fær sviðið og er heiðrað fyrir frábæran árangur á árinu 2023.

Hófið fer fram í Stapanum Reykjanesbæ.

Hvetjum alla áhugasama að mæta og gleðjast með íþróttafólkinu okkar.



Tók kvikmyndagerð fram yfir lækninn

Kári Snær var dux í FS á haustönn. Notar netið mikið til að afla sér þekkingar. Með dellu fyrir myndavélum og er í skemmtilegu starfi hjá RÚV.

Kári Snær Halldórsson var dux Fjölbrautaskóla Suðurnesja á haustönn og útskrifaðist af raunvísindabraut með meðaleinkunina 9,32. Ástæða þess að hann valdi sér þessa braut var áhugi hans á læknávisindum og því var eðlileg spurning blaðamanns hvort næsta skref yrði læknisfræði í Háskóla Íslands. „Alls ekki,“ var svar Kára en eftir um eitt ár í FS fékk hann áhuga á kvikmyndagerð og hefur ekki litið til baka síðan þá.

Kári hefur unnið sem verktaki hjá RÚV í rúmt ár, er með kvikmynd í pípunum og sagði að talsvert meiri líkur væru á að hann verði búinn að gera þá kvikmynd eftir þrjú ár en að hann verði búinn að vera á námsbekk að nema læknisfræði.

Kári er ekki fæddur og uppalinn í Reykjanesbæ, hann flutti þangað frá Ísafirði þegar hann var sex ára og fjölskyldan bjó á Ásbrú fyrstu árin. Hann náði einu ári í leikskóla og fór svo í Njarðvíkurskóla og býr í dag í Innri-Njarðvík. Kári fór strax í FS eftir grunnskóla og skráði sig í raunvísindadeild, var á læknisfræðilínu því hugur hans stefndi þangað. Svo breyttist stefna hans. „Ég fékk dellu fyrir myndavélum og hef í raun ekki litið til baka síðan. Það var athyglisvert hvernig þessi áhugi kviknaði hjá mér, í gegnum verkefni í greinum sem alls ekki eru kennd við kvikmyndun. Við vorum að fara gera íslenskuverkefni og ég náði að sannfæra kennarann, Ástu Svanhvíti Sindradóttur, um að leyfa



Kári duxaði frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja með 9,32 í meðaleinkun.

okkur að skila lokaverkefninu sem stuttmynd. Við settum *Hrafnkels sögu Súrssonar* upp í nútímalegum stíl. Úr varð tuttugu mínútna stuttmynd sem gekk mjög vel. Frábær kennari okkar í samfélagsfræði, Guðmundur Ingvar Jónsson, hvatti okkur til að nýta tæknina svona líka og þar kom þessi áhugi minn endanlega. Ég keypti mér góðar græjur og hef síðan gert mikið af alls kyns efni, bæði í félagslífinu í skólanum og fyrir fólk úti í bæ. Ein stuttmyndin sem við gerðum, *Það*

heyrastr engin öskur í kafi, keppti fyrir hönd FS á kvikmyndahátíð framhaldsskólanna og vann verðlaun fyrir bestu kvikmyndatökuna og bestu tæknilegu útfærsluna. Út frá þessu öllu bauðst mér svo vinna hjá RÚV sem ég hef verið í núna í rúmt ár. Ég er framleiðandi á kynningardeild, er bæði að klippa til auglýsingar og kem mikið að öllu efni sem fer á samfélagsmiðla.“

Í íslenskuverkefninu í FS kynntist Kári Einari Michaelssyni sem fór svo í kvikmyndaskólann. Þeir ákváðu að vinna áfram saman.

„Við gerðum nokkrar stuttmyndir, vorum t.d. að frumsýna myndina *Hvers dags gambítur*, sem var útskriftarverkefni Einars, í Stapa fyrir jólin. Við fengum sjálfan Boga Ágústsson, fréttamann á RÚV, til að leika vonda karlinn í myndinni. Það var mjög gaman. Við erum að verða búnir að semja handrit að kvikmynd í fullri lengd, ég tel mun meiri líkur á að ég verði búinn að klára þá mynd eftir þrjú ár, í stað þess að vera sestur á skólalækk að læra læknisfræði. Mér finnst þetta ofboðslega skemmtilegt, mér hefur gengið vel í þessu og sé því ekki fram á annað en leggja þetta fyrir mig. Ef ég myndi fara í nám myndi ég fara erlendis og þá líklega til Þýskalands. Ég er kominn í góða vinnu og er hugsanlega að fara í fleiri verkefni fyrir RÚV svo til að byrja með ætla ég að einbeita mér að því.“



Kári ásamt Boga Ágústssyni, Ingólfi Ísak Kristinssyni og Einari Michaelssyni.

”

Við erum að verða búnir að semja handrit að kvikmynd í fullri lengd, ég tel mun meiri líkur á að ég verði búinn að klára þá mynd eftir þrjú ár, í stað þess að vera sestur á skólalækk að læra læknisfræði ...

Myndband með Má og Ladda

Kári tekur áfram að sér alls kyns aukaverkefni og gerði t.d. myndbandið við jólagag Mús Gunnarssonar, *Mér finnst ég bara eiga það skilið*, sem kom út fyrir jólin en enginn annar en Laddi syngur og leikur í myndbandinu. „Þetta kom upp með mjög skömmum fyrirvara. Már sendi á mig og sagðist vera koma til landsins daginn eftir og spurði hvort ég gæti gert myndband fyrir hann í lagi sem Laddi væri að syngja með honum og leika í myndbandinu. Ég hugsaði með mér að Laddi hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér og var því ekki lengi að samþykkja að taka þátt í þessu. Framtíðarplönin á þessari stundu eru að þróa mig áfram sem kvikmyndagerðarmaður, kannski mun ég fara í nám erlendis en allt sem ég kann í dag hef ég sjálfur lært á netinu. Það er ótrúlegt hvaða þekkingu er hægt er að afla sér á netinu og í raun gæti maður lært þetta allt án þess að fara í skóla. Ég er líka þannig að ég reyni að læra af öllum. Á þessum stutta tíma hjá RÚV hef ég unnið með mörgum fagaðilum



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

og hef lært mikið af þeim, ég er eins og svampur og reyni að sjúga í mig sem mest af fróðleik. Mér hefur alltaf gengið vel að læra en mér finnst vera kominn tími til að endurskoða menntakerfið. Ég er með límheila, það dugar mér að lesa eitthvað einu sinni og þá man ég það en það eru ekki allir þannig, oft og tíðum mjög klárt fólk en því bara hentar ekki núverandi námsfyrirkomulag. Ég vona að kennslufræðin muni þróast meira í þessa átt sem ég fékk að prófa í samfélagsfræðinni og íslenskunni, að nýta tæknina svona. Tæknin er komin til að vera og hún á bara eftir að þróast. Af hverju ekki frekar að vinna með henni í stað þess að þróa við gamlar og úreltar aðferðir? Til hvers erum við ennþá að læra dönsku? Af hverju er ekki frekar meiri áhersla lögð á fjármálalæsi? Eitthvað sem nýtist öllum, hvað er danska að fara nýttast mér ef ég er ekki að fara flytja þangað?“

Móti boðum og bönnum

„Ég hef alveg orðið var við umræðuna úr grunnskólunum varðandi farsíma. Sumir vilja alfarið banna þá og kannski væri það draumastaðan því börnin hafa gott af því að kynnast persónulega. Ég er hins vegar frekar frjálslýndur og er á móti boðum og bönnum, börnin myndu alltaf finna leiðir ef símarnir yrðu bannaðir því er það ekki venjulega þannig að það sem er bannað finnst börnunum spennandi? Því er kannski gáfulega að kenna börnunum frekar hvernig eigi að nota símann, kenna þeim ábyrga notkun,“ sagði duxinn að lokum.

Kári fékk dellu fyrir myndavélum og hefur ekki litið til baka síðan.



FORELDRAR OG UNGMENNIN TÓKU HÖNDUM SAMAN

„Við höfum sofnað á verðinum,“ segir Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjanesháskóla, en á dögnum var blásið í málþing í Háaleitisskóla á Ásbrú sem fékk heitið *Tökum höndum saman*. Markmið þingsins var að safna saman niðurstöðum frá umræðuhópum um stöðu barna og ungmenna í Reykjanesháskóla og stefnumóta forvarnir út frá þeim. Eins að opna augu bæjarbúa fyrir stöðunni, opna á samtalið og taka skref í átt að breytingum og betra samfélagi.

Þátttakendur í málþinginu voru aðilar frá FFGÍR (Foreldrafélag grunnskóla í Reykjanesháskóla), fulltrúar félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima, ungmennaráð Reykjanesháskóla, námsráðgjafar grunnskóla Reykjanesháskóla, íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjanesháskóla, forvarnarfulltrúi lögreglunnar á Suðurnesjum, skólastjórnendur grunnskóla og Samtakahópurinn, sem er þverfaglegur forvarnarhópur í Reykjanesháskóla.



Anita Engley Guðbjartsdóttir er verkefnastjóri hjá FFGÍR, hún var fyrst til að stíga í pontu og skýrði út hvað var gert þetta kvöld í Háaleitisskóla. „Þetta var ákall frá foreldrasamfélaginu, að fá fleiri að borðinu til að ræða stöðu barnanna okkar hér í Reykjanesháskóla. Því miður segja rannsóknir okkur að unglíngunum okkar líður ekki nógu vel og það var mjög sláandi að sjá að 43% ungmenna hugleiddu sjálfsvíg á síðustu 30 dögum frá því að könnunin var gerð. Við getum ekki horft fram hjá þessu og við sem foreldrasamfélag þurfum einfaldlega að taka höndum saman. Það er ekki hægt að benda á eitthvað eitt atriði, þetta er samfélagslegt vandamál og við verðum öll að bregðast við,“ sagði Anita.



Hafþór Barði Birgisson er íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjanesháskóla og hefur verið í starfinu síðan um aldamót, á þeim tíma var unnið mjög gott forvarnarstarf en eitthvað sýnist Hafþóri að það sé farið að halla undan fæti. „Það eru blíkur á lofti, við erum að sjá nýjar tölur sem að segja okkur að við megum ekki sofna á verðinum. Erlendar þjóðir hafa litið til okkar varðandi íslenska forvarnarmódelið sem var kynnt til sögunnar um aldamótin. Við virðumst aðeins hafa gleymt okkur og því fagna ég svona framtaki eins og hér í kvöld, þar sem foreldrar koma saman með ungmennunum og fagfólki og ræða stöðuna. Það eru uppi kenningar af hverju það hefur hallað undan fæti, í COVID er eins og foreldrar hafi aðeins sleppt tökum á börnunum sem eyddu þá meiri tíma í símanum og tölvunni og því miður eru nútímaáhrifavaldar alls ekki góð fyrirmynd fyrir börnin okkar. Við þurfum ekkert að finna upp hjólið til að snúa þessari þróun við, við erum með módelið fyrir framan okkur. Foreldrar, nærsamfélagið, skólinn og frítíminn þurfa að vinna saman. Það var gert hér um aldamótin með frábærum árangri sem

”

Rannsóknir segja okkur að unglíngunum okkar líður ekki nógu vel og það var mjög sláandi að sjá að 43% ungmenna hugleiddu sjálfsvíg á síðustu 30 dögum frá því að könnunin var gerð ...

tekið var eftir. Við þurfum bara að snúa vörn í sókn, við stöndum frábærlega hér í Reykjanesháskóla. Það er magnað fyrir okkur að vera með mann eins og Krissa Löggu, það eru ekki allir með svona samfélagslögglummann sem er eins og rokkstjarna inni í öllum leik- og grunnskólum, á fjölbrautaskólaböllunum o.s.frv. Ég er sannfærður um að með samstilltu átaki snúum við blaðinu við,“ sagði Hafþór.



Sandra Rut Bjarnadóttir var ein fjölmargra foreldra sem mætti á málþingið, henni leist vel á vinnuna sem fór fram. „Þetta var dásamlegt og það var þörf á þessu. Ég hef áhyggjur af stöðu barnanna, maður heyrir ýmislegt þegar maður talar við börnin sín og hlustar á þau. Við foreldrar þurfum að vera meira vakandi, það er mjög stór munur á börnum í dag og þegar ég var ung, aðallega varðandi virðingu en börn og unglíngar bera ekki nægjanlega virðingu fyrir fullorðnum í dag, hvað þá að þau beri virðingu fyrir lögreglunni. Við foreldrar eigum að ganga fram með góðu fordæmi, við eigum að sýna börnunum okkur virðingu og þá fáum við virðingu til baka. Ég er sannfærð um að þetta málþing í kvöld er upphafið að einhverju góðu, það var frábært að sjá alla þessa krakka koma og fróðlegt að heyra hvað þau hafa að segja,“ sagði Sandra.



Þetta málþing var fyrst og síðast fyrir ungmennin og var fróðlegt að heyra sjónarmið þeirra. **Hermann Borgar Jakobsson** er formaður ungmennaráðs Reykjanesháskóla. „Mér fannst mikilvægt að rödd okkar ungmennanna fengi að heyrast hér í kvöld. Við vitum best hvernig stáan er, af hverju ætti ekki rödd okkar að heyrast? Ég veit að líðan ungmenna í dag er ekki nógu góð, það eru miklar kröfur settar á okkur, við eigum að standa

okkur vel í íþróttum, félagsstörfum, náminu og vera gera eitthvað, ekki vera of mikið í símanum, það er stöðugt verið að segja okkur fyrir verkum. Staðan hefur versnað eftir COVID, það tímabil fór ekki vel í okkur. Ungmennin fóru að vera meira í símanum og sú umræða er mjög hávær, m.a. talað um að taka símana af öllum grunnskólabörnum. Ég er ekki sammála því að öllu leyti, jú það má alveg banna 1.-7. bekk að vera með símann í skólanum en af hverju kennum við ekki frekar 8.-10. bekk hvernig eigi að nota símana, kenna hvað ábyrg notkun er? Ég held að það sé miklu meira vit í því heldur en að koma með boð og bönn,“ sagði Hermann.



Daníel Örn Gunnarsson vakti athygli á dögnum þegar hann var í viðtali á útvarpsstöð en umræðuefnið var snjallsímanotkun í skólum. „Ég ákvað að koma hingað í kvöld því mér finnst mikilvægt að raddir ungmenna heyrast. Það sem brennur heitast á mér er símalaut skólalald, ég



Frá málþinginu í Reykjanesháskóla.



hef talað fyrir að banna eða takmarka símanotkun í grunnskólum. Þetta hefur svo skaðleg áhrif, á einbeitingu nemenda, félagslíf, andlega heilsu, þetta snertir allt. Mér finnst að þetta eigi að gilda fyrir allan grunnskólaaldurinn, það er engin nauðsyn fyrir okkur að vera með þessi tæki í skólanum. Hins vegar er það líklega ekki raunhæft markmið, því tala ég í raun meira fyrir að takmarka notkun síma eins mikið og unnt er. Andlegri heilsu ungmenna hefur hrakað á undanförunum árum, ég held að það sé mest vegna skjáálags en að meðal-



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

tali eru ungmenni níu klukkustundir í símanum á dag, ungur heili sem er að þroskast þóli ekki meira en tvær klukkustundir svo það gefur auga leið að síminn er mjög stórt vandamál. Ég hef mætt á mörg svona málþing að undanförunum, þau eru mjög mikilvæg því þau vekja fólk til umhugsunar, ég er sannfærður um að við snúum taflinu við,“ sagði Daníel að lokum.



Með hríðskotabyssu í fanginu

Ásmundur Friðriksson, alþingismaður.

Það eru nokkur ár frá því að Ríkisútvarpið og aðrir fjölmiðlar á vinstri vængnum „slaufuðu“ mér vegna umræðu um hælisleitendur. Það gerðu auðvitað fleiri og er ég enn minntur á yfirlýsingar sumra flokksfélaga minna af sama tilefni. Þetta gerðist í kjölfar varnarár- orða minna um óhefta fjölgun hælisleitenda í landinu. Þrátt fyrir það var fjöldi þeirra á þeim tíma líklega um þriðjungur þess sem síðar varð. Hann er löngu orðinn óviðráðanlegur fyrir litið samfélag á Íslandi. Á þeim tíma kallaði ég eftir því að bakgrunnsskoðun færi fram á þeim sem hingað kæmu og að við gættum ítrustu varna við landamæri landsins.

Það var og er vitað að til landsins streyma skipulagðir hópar undir merkjum hælisleitenda til að stunda hér mansal og aðra skipulagða brotastarfsemi. Þrátt fyrir viðleitni til að efla landamæraeftirlit og löggæslu dugar það hvergi nærri til. Lögreglan er hundelt í störfum sínum þegar koma á fólk úr landi sem hefur fengið synjun á hælisumsókn á öllum stigum, jafnvel fyrir dómstólum. Þar ganga fremstir í fylkingu vinstri-sinnaðir fjölmiðlar, píratar allra flokka og öfgamenn á vinstri vængnum.

Hverra hagsmuna er verið að gæta

Nýlega bárust fréttir frá Danmörku um að grunur væri uppi um undirbúning hryðjuverka þar í landi sem tengdust Hamas hryðjuverkasamtökunum. Dómsmálaráðherra Danmerkur, Peter Hummelgaard, segir hin meintu tengsl einstaklinga, sem danska lögreglan handtók nýlega, við Hamas staðfesta alvarlega hryðjuverkaögn gagnvart Danmörku.

Af þessum ástæðum er hryðjuverkaögn metin alvarleg í Danmörku.

Við Alþingi Íslendinga hafa Palestínunum komið sér fyrir í tjaldbúðum. Vegna myndbirtinga þeirra sjálfrá og íslenskra stuðningsmanna er auðvelt að fletta upp viðkomandi einstaklingum á samfélagsmiðlum. Við þá yfirferð dúkkar ýmislegt upp sem vekur mikinn óhug, m.a. afdráttarlaus stuðningur við Hamas hryðjuverkasamtökin, myndir af svokölluðum píslarvottum, viðkomandi með hríðskotavopn í fanginu. Þar að auki ýmis óhugnanlegur stríðsboðskapur og hatursorðræða. Þetta er sem sagt að finna í hópi tjaldbúanna sem studdir eru af þingmönnum Pírata, pírótonum í Viðreisn og Samfylkingunni. Sömu þingmenn berjast gegn auknum valdheimildum og rannsóknarheimildum lögreglunnar. Þá erum við að tala um að taka upp sömu valdheimildir lögreglu og önnur Norðurlönd búa við. Ekkert umfram það.

Er það mögulega svo að þessir þingmenn vilji ekki gera allt sem er í valdi Alþingis til að koma í veg fyrir skipulagða glæpastarfsemi og mansal í landinu? Hverra hagsmuna eru þeir að gæta?

Slaufa einstaklingum

Þetta er fólk sem er í liði með Reykjavíkurborg sem skýtur skjólshúsi yfir og sendir einennileg skilaboð til þjóðarinnar um vanvirðingu við Austurvöll og nágrenni hans. Austurvöll sem geymir styttna af Jóni forseta, Dómkirkjuna og Alþingishúsið. Hér má ekki gleyma þætti vinstri-sinnaðra fjölmiðla sem flytja daglegar fréttir úr búðunum á Austurvelli en birta ekki upplýsingar um einstaklinga sem þar halda til. Er þeim þó í lófa lagið að afla sér slíkra upplýsinga.

Ríkisútvarpið og aðrir vinstri-sinnaðir fjölmiðlar stjórna umræðunni í landinu. Meðal annars með því að slaufa einstaklingum sem ekki eru í náðinni en hafa frá upphafi kallað eftir vandaðri vinnubrögðum og varkárni í út- lendingamálum. Á dögnum var hælisleitenda, sem er talinn vera liðsmaður ÍSIS, vísað úr landi. Ábyrgð fjölmiðla er mikil nú þegar raunveruleikinn kemur aftan að okkur. Vonandi líta þeir til nágrannalanda okkar og láta af þöggun og ófrægingarherferðum í garð þeirra sem er sannarlega annað um íslenskt samfélag. Vonandi er það ekki um seinan.



Samvinnuverkefni Heilsuleikskólans Suðurvalla og Stóru-Vogaskóla

Haustið 2023 kom upp sú hugmynd hjá textíl- og smíðakennurum í Stóru-Vogaskóla að gaman væri að vinna samstarfsverkefni með elstu börnum Heilsuleikskólans Suðurvalla. Kennarar beggja skóla funduðu og úr varð að sjötti og sjöundi bekkur og elstu leikskólabörnin ynnu saman að verkefninu. Einnig var ákveðið að nemendur skoðuðu báta og skip og það yrði þema verkefnisins.

Upphaf verkefnisins byggðist á umfjöllun og rannsókn á bátum og skipum. Farið var í vettvangsferðir þar sem alls kyns bátar voru skoðaðir og hugað að því hvernig þeir væru í laginu og hvað væri á þeim. Því næst komu krakkarnir úr Stóru-Vogaskóla í heimsókn á Suðurvelli þar sem börnin fengu að kynna. Í þeirri heimsókn byggðu börnin stóran bát úr holukubbum og einingakubbum ásamt því að mála og fönðra bát úr alls kyns efniviði á eitt stórt blað.

Því næst var komið að heimsókn leikskólabarnanna í skólann þar sem unnið var að verkefninu í smíða- og textílstofunni. Þar fengu nemendurnir að kynna aðstæðum og ekki síst að vinna saman. Krakkarnir voru paraðir saman og höfðu sinn vinnufélaga í verkefninu, náðu að kynna og vonandi að mynda tengsl sem fylgir þeim í skólagöngunni. Í fyrstu heimsókn leikskólabarnanna voru tilbúnir nítján skipskrokkar sem sjötti og sjöundi bekkur höfðu útbúið. Búið var að para leikskólabörn og grunnskólabörn saman í hópa. Hver hópur skrifaði síðan niður sínar hugmyndir af bátum eða skipum og hvað ætti að vera á þeim, fengu börnin á Suðurvöllum að taka stjórnina þar. Komu fram hugmyndir um segl, stýrishús, flutningaskip og fiskiskip svo eitthvað sé nefnt. Í framhaldinu máluðu krakkarnir frá Suðurvöllum skipsskrokkana.

Efniviðurinn í verkefnið var allur frá fyrirtækjum í nágrenninu. Allt efni sem annars átti að farga, bæði timbur og plast. Í textíl gerðu þeir sem

vildu segl á skipin og einnig var málaður sjór á hvítu efni. Það efni voru gamlar gardínur sem voru í setustofu á unglingastigi.

Í næstu heimsókn í grunnskólann byrjuðu öll börn á því að mæta í smíðastofuna. Þar fengu börnin að negla rekkverk á skipin sín, krafðist það mikillar samvinnu á milli eldri og yngri barna. Börnin máluðu einnig bómu og mastur fyrir skipin sín og að lokum límdu þau mastur og stýrishús á þau. Voru skipin þá tilbúin.

Auk þess að vinna að bátaverkefninu gerðu nemendur sjötta og sjöunda bekkjar poka fyrir leikskólann og dýragrímur. Einnig voru gerðar jólakúlur sem þau yngri fengu að eiga. Allt er þetta gert til að auðga starf beggja skólanna. Samstarf sem þetta er ómetanlegt fyrir þau yngri að kynna grunnskólann ekki síður að hitta eldri krakka sem eru oft og tíðum áskorun fyrir þau yngri að hitta. Auk þess hafa eldri nemendur alltaf mjög gaman af að koma í leikskólann sem hjá mörgum þeirra var eitt sinn þeirra skóli.

Föstudaginn 12. janúar var síðan sett upp sýning á bæjar-skrifstofu Voga þar sem skipin og myndir frá verkefninu er til sýnis. Fær sýningin að standa þar í viku eða til föstudagsins 19. janúar og hvetjum við fólk til að líta þar við og sjá afrastruktur þessa samvinnuverkefnis.



Oktavía Ragnarsdóttir,
textílkennari Stóru-Vogaskóla.

Svanborg Svansdóttir,
smíðakennari Stóru-Vogaskóla.

Kristín Arna Hjaltadóttir,
deildarstjóri Heilsuleikskólanum Suðurvöllum.

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir,
aðstoðarleikskólastjóri Heilsuleikskólanum Suðurvöllum.

SKIL Á AÐSENDU EFNI

Greinar og annað aðsent efni sem óskað er að birtist í Víkurfréttum þarf að hafa borist ritstjórn fyrir hádegi mánudags á netfangið vf@vf.is

Grindvíkingar sigla milli brota



Innsiglingin í Grindavík.
Mynd/Jón Steinar Sæmundsson



Það eru ríkar tilfinningar í gangi á meðal Grindvíkinga og allrar þjóðarinnar. Við fylgjumst með því sem er að gerast og dæmst að æðruleysi þeirra sem nú horfa á enn eina breytta mynd af samfélagi sínu í

Grindavík. Fimmta eldgosíð á þremur árum er mikil raun fyrir alla sem fyrir því verða. Sjóðheitur raunveruleikinn blasti við þjóðinni þegar við horfðum upp á eldgos í byggð og fyrstu húsin urðu hraunrennslinu að bráð. Það vekur upp erfiðar minningar Eyjamanns sem þekkir þessa sjón og þá þungu tilfinningu sem henni fylgir. Samúð mín er öll hjá þeim sem stóðu í þeim sporum síðastliðinn sunnudag og horfðu á húsið sitt, heimili verða að engu. Móðir mín stóð í sömu sporum fyrir 50 árum, 37 ára að aldri.

Hún beið þess aldrei bætur.

Snemmtækt inngríp

Ég hafði óskað eftir því við formann velferðarnefndar Alþingis fyrir lok síðasta árs að nefndin tæki upp umræður um áfallahjálp og meðferð við alvarlegum sálrænum áhrifum hamfaranna í Grindavík. Afleiðingar þeirra geta komið fram strax, eða jafnvel að löngum tíma liðnum með alvarlegum afleiðingum eins og kom í ljós eftir gosíð í Eyjum. Það hefur því legið fyrir í nokkurn tíma að velferðarnefnd fundi með sóknarpresti Grindvíkinga, Elínborgu Gísladóttir, Nökkva Má Jónssyni, sviðsstjóra félagsþjónustu- og fræðslusviðs, ásamt fulltrúum Rauða kross Íslands. Það er afar mikilvægt að nefndin hafi forgöngu um að fylgja eftir að öll sú aðstoð og þjónusta verði veitt til að aðstoða fólk þegar afleiðingar áfallanna fara að koma í ljós og helst áður. Fyrir mér er þetta ekki spurning um kostnað, heldur lífsgæði og koma í veg fyrir að síðar gæti fórnarkostnaðurinn verið margfalt meiri en að grípa strax inn í atburðarrásina. Snemmtækt inngríp velferðarnefndar Alþingis er því afar mikilvægt í þessu máli og ég er þakklátur nefndarfólki fyrir að sýna málinu stuðning.

Við ætlum að grípa alla.

Förum af stað

Guðbrandur Einarsson,
þingmaður Viðreisnar í Suðurkjördæmi.



Starfshópi sem ætlað var það verkefni að skoða framboð á húsnæði fyrir Grindvíkinga til lengri tíma, sem skipaður var vegna afleiðinga náttúruhamfaranna í Grindavík, skilaði innviðaráðherra tillögum fyrir síðustu jól.

Niðurstaða hópsins var sú að nóg er til af lóðum til uppbyggingar á nýju húsnæði, verði ákveðið að fara þá leið. Fyrst og síðast var verið að horfa til uppbyggingar í sveitarfélögum á suðvesturhorni landsins; Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Vogum og Hafnarfirði.

Ný staða

Atburðir helgarinnar ættu að yta við fólk og að farið verði á fullt í að nýta þá vinnu sem unnin var á síðasta ári. Hætt er við að margir þeir sem ætluðu sér heim, hugsi sig um eftir annað gos og auknar sprungur sem gera Grindavík að hættusvæði.

Við sem samfélag þurfum hins vegar að taka utan um þennan hóp og skapa einhverja valkosti fyrir þá sem þurfa, að minnsta kosti um sinn, að búa fjarri heimabyggð. Það gæti, miðað við núverandi stöðu, varað í einhverj ár.

Húsnæði eftir ár

Ef farin væri sú leið að flytja inn einingahús þá gæti slíkt húsnæði verið tilbúið eftir u.þ.b. eitt ár. Miðað við þann fjölda lóða sem til staðar er þá ætti slíkt að vera mögulegt. Ríkið sjálft er stór landeigandi m.a. í Reykjanesbæ og því ættu að vera hæg heimatökin að skaffa land undir húsnæði. Komi til þess að Grindvíkingar þurfi ekki á slíku húsnæði að halda til lengri tíma verður auðvelt að koma því í notkun til framtíðar, slíkur er húsnæðisskorturinn í landinu.

Það er ekki eftir neinu að bíða.

Gefum fólki styrk

Nú blasir við sú núturlega staða, að líklega verða síðustu atburðir til að fresta því um lengri tíma að íbúar Grindavíkur flytji aftur heim líkt og væntingar margra stóðu til. Verkefni Alþingis verður að gefa fólki styrk og hjartsýni varðandi framhaldið, með því að eyða eins og kostur er fjárhagsáhyggjum Grindvíkinga. Uppkaup á fasteignum og tryggja fasteignaeigendum möguleika til að eignast nýtt húsnæði, án þess að ónotuð eign í Grindavík sé seld eða bætt. Ríkissjóður verður með einhverjum hætti að finna réttláta leið til að tryggja fasteignaeigendum á hamfarasvæðum möguleika til að eignast annað húsnæði, a.m.k. tímabundið. Þetta getur auðvitað verið vandasamt en mikilvægast að með setningu slíkra reglna eða laga verði jafnræðis gætt. Eðlilega hefur þessi umræða mörg sjónarhorn og margvísleg jaðaráhrif sem erfitt er að greina. Ég treyst því að við náum að finna leiðir sem þegar hefur verið bent á og þarf að slípa saman.

Útgangspunkturinn er jafnræði fyrir alla.

Baráttuhugur Grindvíkinga

Forsenda áframhaldandi byggðar í Grindavík er atvinnulífið. Tryggja verður með öllum ráðum stöðu fyrirtækjanna í Grindavík svo starfsemi þeirra geti komist sem fyrst af stað til að framleiða verðmæti. Tryggja endurreisn bæjarfélagsins og heimila er forsenda byggðar í Grindavík. Ef Guð og gæfan fylgja þeim áformum mun Grindavík rísa á ný og baráttuhugur Grindvíkinga mun skila sér í endurheimt bæjarfélags sem er hluti af hjarta þeirra. Staðan er flókin, erfið og þung, en fáir ef nokkrir eru líklegri til að vinna sigur í þeim leik eru Grindvíkingar. Sjómenn hafa sótt sjóinn um aldir og lending í Grindavík oft verið erfitt og tekið sinn toll. Núna er siglt milli brota í innsiglingunni og lífróður tekin til að ná landi.

Við erum öll í sama skipsrúmi.

Ásmundur Friðriksson,
alþingismaður.

timarit.is

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á timarit.is



Hluti útskriftarnema frá Keili.

Þórhildur Inga Ólafsdóttir dux Háskólabrúar

■ 4.805 einstaklingar hafa útskrifast úr Keili

Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs útskrifaði 36 nemendur við hátíðlega athöfn í Hljómahöll í Reykjanesbæ föstudaginn 12. janúar. Athöfnin var vel heppnuð og hafa nú 4.805 einstaklingar útskrifast úr námi við skóla miðstöðvarinnar.

Í athöfninni voru útskrifaðir 34 nemendur af Háskólabrú og tveir af Menntaskólanum á Ásbrú.

Bjartey Sveinsdóttir og Gígja Skjaldardóttir hófu athöfnina með ljúfu tónlistaratriði fyrir viðstadda. Því næst flutti Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis, ávarp og stýrði sjálfri athöfninni.



Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis, stýrði athöfninni.

Háskólabrú brautskráði samtals 31 í fjarnámi og þrjú í staðnámi. Berglind Kristjánsdóttir, forstöðumaður Háskólabrúar, flutti ávarp og afhenti skirteini og viðurkenningarskjöl ásamt Helgu Lind Sigurbergsdóttur, verkefnastjóra Háskólabrúar. Dux Háskólabrúar var Þórhildur Inga Ólafsdóttir með 9,59 í meðaleinkunn og fékk hún peningagjöf frá Arion banka og Keili sem viðurkenningu fyrir góðan námsárangur. Sjöfn Ingvarsdóttir hélt ræðu fyrir hönd útskriftarnema Háskólabrúar. Þá var Guðnýju Frímansdóttur afhentar rósir fyrir að vera nemandi númer 2.500 sem útskrifast af Háskólabrú.



Þórhildur Inga Ólafsdóttir duxaði með 9,59 í meðaleinkunn.

Háskólabrú hefur boðið upp á aðfaranám til háskóla frá árinu 2007 og hafa á þeim tíma átt sér stað miklar framfarir í kennsluháttum samhliða breyttum þörfum og kröfum nemenda. Nú geta nemendur því valið að sækja Háskólabrú í staðnámi eða fjarnámi, bæði með og án vinnu sem og viðbótarnám við stúdentspróf á verk- og raunvísindadeild. Boðið er upp á Háskólabrú í samstarfi við Háskóla Íslands og gildir námið til inntöku í allar deildir háskólans.



Guðnýju Frímansdóttur er nemandi númer 2.500 sem útskrifast af Háskólabrú.



Menntaskólinn á Ásbrú brautskráði samtals tvo nemendur af stúdentsbraut í tölvuleikjagerð. Ingigerður Sæmundsdóttir, forstöðumaður MÁ, flutti ávarp og afhenti skirteini ásamt Skúla Frey Brynjólfssyni, áfangastjóra.

Þetta var fimmta útskrift Menntaskólans á Ásbrú sem hóf starfsemi haustið 2019 þegar fyrstu nemendur skólans hófu nám á stúdentsbraut í tölvuleikjagerð. Stúdentsbrautin er skipulögð sem þriggja ára nám þaðan sem nemendur útskrifast með staðgóða þekkingu í ýmsu sem tengist tölvuleikjagerð og fleiri skapandi greinum. Námið byggir á hagnýtum verkefnum með sterki tengingu við atvinnulífið þar sem lögð er áhersla á færni til framtíðar, nútíma kennsluhætti og vinnuástandu í sérklassa. Jafnframt býður MÁ einnig upp á opna braut en auk hefðbundinna kjarnagreina vinna nemendur með færni og þekkingu sem býr þá undir nám í ýmsum deildum háskóla.

Óttast mest að verða blankur



FS-ingur vikunnar:

Nafn: Fríðrik Franz Guðmundsson
Aldur (fæðingarár): Fæddur 2006
Námsbraut: Rafvirkjun
Áhugamál: Golf og fótbolti

FS-ingur vikunnar

Fríðrik Franz Guðmundsson er sautján ára Grindvíkingur sem er í rafvirkjun í FS. Hann valdi FS vegna nálægðarinnar við heimabæinn og uppáhaldslag Fríðriks er **Grindavík er alltaf bærinn minn**. Fríðrik Franz er FS-ingur vikunnar.

Hvers saknar þú mest við grunnskóla? Bekkjarins.

Hvað er heitt og hvað er kalt þessa stundina? Heitt: Subway. Kalt: Liverpool.

Hvers vegna ákvaðst þú að fara í FS? Nálægt Grindavík og vinirnir fóru þangað líka.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? *Grindavík er alltaf bærinn minn* með Sibba.

Hver er helsti kosturinn við FS? Góður félagsskapur.

Hver er þinn helsti kostur? Brautseigja.

Hvað finnst þér um félagslífið í skólanum? Allt í lagi bara...

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? TikTok og Instagram.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Arnór Tristan fyrir körfuboltann.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Að vinna sem rafvirki.

Hver er myndastur í skólanum? Máni Arnars.

Hver er þinn stærsti draumur? Að verða atvinnumaður í golfi.

Hvað hræðist þú mest? Að verða blankur.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það og af hverju? Bestur – af því bara!

Alexander Grétar Grétarsson er fimmtán ára nemandi við Akurskóla í Reykjanesbæ. Tónlist er helsta áhugamál Alexanders og hann tæki gítar með sér á eyðieyju ef hann gæti. Alexander Grétar er ungmenni vikunnar.

Maður þarf tónlist

Hvert er skemmtilegasta fagið? Náttúrufræði.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Mikki, því hann er maður myndinn.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Það er eiginlega engin sem stendur upp úr hjá mér.

Hver er myndastur í skólanum? Mikki.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? King Kunta – Kendrick Lamar.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Mexíkósúpa

Hver er uppáhaldsbímyndin þín? The Purge.

Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Óxi, gítar og kveikjara. Óxi til að veidda og fleira, gítar því maður þarf tónlist og kveikjara til að kveikja eld.



Ungmenni vikunnar

Ungmenni vikunnar:

Nafn: Alexander Grétar Grétarsson
Aldur: 15 ára
Bekkur og skóli: 10. bekkur, Akurskóli
Áhugamál: Tónlist

Hver er þinn helsti kostur? Heiðarleiki.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Að fljúga svo ég þurfi ekki að borga fyrir flug.


Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Traust.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Rafvirki.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tólmundir (hvaða)? Ég fer bara í gymsið.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Traustur.

Sjónvarp Víkurfrétta er í snjallsjónvarpinu þínu



Smelltu á YouTube og leitaðu að Sjónvarp Víkurfrétta.

Þegar þú hefur fundið rásina smellir þú á

Í ÁSKRIFT

Auðvitað er áskriftin að Sjónvarpi Víkurfrétta ókeypis!



Ástvaldur fór ekki leynt með gleði sína þegar tilkynnt var valið á íþróttamanni ársins. VF/JPK



Ástvaldur Ragnar er íþróttamaður Suðurnesjabæjar 2023

Tilkynnt var um val á íþróttamanni Suðurnesjabæjar við hátíðlega athöfn í Vörðunni í Sandgerði fimmtudaginn 11. janúar. Við tilefnið var boðið upp á veitingar og tónlistaratriði frá báðum tónlistarskólum bæjarins.

Ástvaldur Ragnar Bjarnason var kjörin íþróttamaður Suðurnesjabæjar árið 2023 en í umsögn kom m.a. fram að Ástvaldur hefur verið góð fyrirmynd fyrir iðkendur NES. Hann mætir á allar æfingar, er jákvæður og hefur tekið miklum framförum sem hefur leitt til þess að hann var valinn í landsliðshóp í Boccia hjá Íþróttasambandi fatlaðra. Ástvaldur hrepti annað sætið á Íslandsmóti í sveitakeppni í Bocca og annað sætið í Íslandsmóti í einliðaleik. Á erlendri grundu fór Ástvaldur í landsliðsverkefni til Danmerkur. Þar tók hann þátt í Norðurlandamóti í sveitakeppni þar sem hann stóð uppi sem sigurvegari ásamt sinni sveit og er því Norðurlandameistari í sveitakeppni árið 2023.

Ástvaldur hrepti Hvatabikarinn hjá NES en hann er veittur þeim sem hafa skarað fram úr og eru hvatning fyrir aðra iðkendur.

Ástvaldur Ragnar er virkilega flott fyrirmynd og sýnir og sannar að með metnaði og elju eru allir vegir færir.



Eftirfarandi íþróttamenn hlutu einnig tilnefningu og viðurkenningu fyrir góðan árangur árið 2023: Daniel Arnar Ragnarsson Viborg (taekwondo), Kristófer Páll Viðarsson (knattspyrna), Joaquin Ketlun Sinigala (knattspyrna) og Sigurður Guðmundsson (golf).



Hrönn hlýtur viðurkenningu fyrir óeigingjörn störf þágu íþrótt- og tómstunda

Við sama tilefni var Hrönn Edvinsdóttur veitt viðurkenning íþrótt- og tómstundaráðs fyrir óeigingjarnt starf að íþrótt- og tómstundamálum í sveitarfélaginu. Hrönn hefur verið miklum tíma í sjálfbodaliðastörf innan Víðis, bæði setið í stjórnun, þá helst í unglíngaráði, og þjálfað hjá félaginu. Hún er og var mikil íþróttakona og hefur helgað sínu lífi heimi íþróttar og gefur mikið af sér. Hrönn er mikil fyrirmynd sjálfbodaliða og hefur haft mótandi áhrif iðkendur og samferðafólk.

1X2 „PRUMAÐ Á ÞRETTÁN“ Ætlar að setja Grétar í vasann!

Grétar Ólafur Hjartarson er hreinlega óstöðvandi í tippaleik Víkurfrétta, hann hafði betur gegn körfuboltaþagoðsögninni Teiti Örlygssyni um helgina, 10-9. Grétar er því heldur betur kominn á toppinn í heildarleikum, er með 39 rétta og ennþá á stalli, ótrúlegur leikmaður!

1.416 típparar, og þar af 46 á Íslandi, voru með alla þrettán leikina rétta og fengu í sinn hlut tæpar 120 þúsund krónur.

Ekki að Víkurfréttir vilji reyna halda aftur af Grétari en ákveðið var að draga inn í hringinn fyrrum mótgerja hans á knattspyrnuvelli, Marteinn Ægisson úr Vogum en þeir Grétar mættust tvisvar sinnum á knattspyrnuvelli, Marteinn að sjálfsögðu með sínum Þrótturum og Grétar í gulu Grindavíkurtreyjunni.

„Ég man fyrri leikinn eins og hann hafi verið leikinn í gær,“ segir Marteinn og hélt áfram. „Þessi leikur var í æfingamóti fyrir Íslandsmótið og ég var á hægri kantinum. Ég var alltaf mjög skeinuhættur og sóknarþenkjandi kantmaður en fékk það erfiða hlutverk að halda Grétari í skefjum í þessum leik. Það gekk mjög vel hjá mér, Grétar skoraði ekki nema þrjú mörk í leiknum, m.a. eitt með hjólhestaspyrnu. Þessi leikur fer samt mest í sögubækurnar vegna dómarskandals. Gulli Hreins var á línunni og var alltaf að kjafta við áhorfendur og missti því af þremur rangstöðumörkum, Grétar skoraði örugglega tvö þeirra. Eins og ég segi, ef réttlát dómgæsla hefði verið í leiknum hefði ég haft Grétar kyrfilega í öðrum rassvasanum mínum! Grétar skoraði líka þrennu í seinni leiknum en þá átti ég að leiða sóknarleik okkar og slapp því við Grétar. Það eftirminnilegasta í þessum leik var þegar ég klobbaði [þegar leikmaður nær að setja boltann á milli fóta andstæðings síns] Sverri Sverrisson snilldarlega. Ég ætla mér að setja Grétar í hinn rassvasann á laugardaginn, þar sem ég er Liverpool-maður og hann United geri ég einhvern veginn ráð fyrir því að þetta verði auðveld viðreign en reyndar verður að viðurkennast að þótt Liverpool sé margfalt betra í dag er alltaf hörkuleikur á milli þessara rísa. Kannski verður þetta því hörkurímma á milli okkar Grétars,“ sagði vígreifur Marteinn að lokum.

Grétar var fyrst smeykur þegar blaðamaður sagði honum frá næsta áskoranda. „Úff, ætlaðu að setja

Marteinn á móti mér núna?“ spurði Grétar og hélt svo áfram. „Ég man varla eftir þessum leikjum á móti Marteini á sínum tíma. Ég er nú kannski ekki tilbúinn að skrifa undir að hann hafi haft mig í vasanum í fyrri leiknum. Ég hefði átt að skora tíu mörk í þessum leik en lét þrjú duga. Ég setti líka þrennu í seinni leiknum, Marteinn hafði vit á því að halda sig fjarri mér þá en ég man að hann átti tillrif þess leiks þegar hann klobbaði Sverri Sverris snilldarlega, ég er ennþá að núa Sverri upp úr því þegar ég hitti hann. Svo miðað við viðurkeignir mínar við Marteinn til þess, ég gæti ekki verið rólegri fyrir slaginn á laugardaginn,“ sagði kokhraustur forystusauðurinn.



Grétar	Sæðill helgarinnar	Marteinn
☒ ☒ ☒	Brentford - Nott.Forest	☒ ☐ ☐
☒ ☒ ☐	Blackburn - Huddersfield	☒ ☒ ☐
☐ ☐ ☒	Bristol City - Watford	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Middlesbro - Rotherham	☒ ☐ ☐
☐ ☐ ☒	Norwich - W.B.A.	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Plymouth - Cardiff	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Q.P.R. - Millwall	☒ ☒ ☒
☐ ☐ ☒	Sheff.Wed. - Coventry	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Stoke - Birmingham	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☒	Bristol Rovers - Blackpool	☒ ☐ ☐
☐ ☐ ☒	Leyton Orient - Bolton	☒ ☒ ☐
☐ ☐ ☒	Middlesbrough - Birmingham	☐ ☐ ☒
☒ ☒ ☐	Swansea - Leicester	☒ ☒ ☐



Boðið var upp á skemmtileg tónlistaratriði frá tónlistarskólunum í Suðurnesjabæ.

Óraunverulegt raunveruleikasjónvarp

Sunnudagurinn 14. janúar 2024 mun aldrei gleymast, verður einn af þessum dögum sem breytir heimsmynd okkar og ekkert verður einhvern veginn eins. Við Íslendingar munum örugglega öll aldrei gleyma hvar við vorum þegar byrjaði að gjósa í Grindavík í beinni útsendingu og við fylgdumst agndofa með. Við hjónin sátum límd við skjáinn heima hjá okkur í París. Þetta var óraunverulegt raunveruleikasjónvarp, hálfgerð vísindahröllvekja sem var sýnd hægt. Þarna horfðum við líka á sannkallaðar hetjur sem sýndu ótrúlegt hugrekki og dirfsku – björg-

unarsveitarfólk og verktakar sem með miklu snarræði gátu bjargað mikilvægum tækjum og miklum verðmætum.

Ég er fjarri þessum atburðum og afleiðingar þeirra hafa ekki bein áhrif á daglegt líf mitt og minna nánustu. Það er því óhugsandi fyrir mig að setja mig í spor íbúa Grindavíkur sem um margna mánaða skeið hafa mátt búa við nánast stanslausar hamfarir og óryggi. Þetta er fordæmalaus upplifun hvað öryggi og framtíðaráætlanu íbúanna varðar – öryggi fjölskyldunnar, heimilisins, fjárhagslegs öryggis og sjálfrar framtíðar samfélagsins sem þeir lifa

og hrærast í. Við þekkjum það öll hversu gott það er að koma heim eftir langan dag í vinnu eða skóla, eða eftir lengri fjarveru. Heim í öryggi. Við leggjum okkur fram um að gera heimili okkar eins öruggt og mögulegt er til þess að láta okkur líða enn betur og öruggari heima. Við setjum upp reykskynjara, höfum slökkvitæki og eldvarnarteppi við hendina til öryggis, við lokum stigaopum til að koma í veg fyrir að börnin okkar falli ekki niður bratta stiga og fáum okkur þjófavarnakerfi til að auka enn frekar á þá öryggisfinningu sem við viljum tengja við heimili okkar.

LOKAORD



RAGNHEIÐAR ELÍNAR

En gagnvart móður náttúru stöndum við nú máttvana. Hvernig er hægt að tryggja öryggi íbúa í þessum aðstæðum sem við erum að upplifa, verður lífið í Grindavík einhvern tímann eins? Varnargarðar utan um byggð og þar með heimilin geta vissulega gert mikið gagn en eins og sannaðist á sunnudaginn þegar sprungan opnaðist fyrir innan garðinn náðu þeir ekki að tryggja það öryggi sem að var stefnt.

Grindvíkingar eru sterkir, úr-ræðagóðir og þrautseigir töffarar. En jafnvel þeir eru margir hverjir að bogna svo ég vísi til ummæla Fannars bæjarstjóra, sem hefur staðið sig með eindæmum vel í að halda utan um fólk sitt og stappa í það stálinu. Nú þarf fyrst of fremst að byggja varnargarða utan um íbúana – fólk sitt sjálft – og veita því alla þá aðstoð sem möguleg er. Við getum ekki eytt óvissunni sem náttúruöflin valda en það felst öryggi í því að finna stuðning – hann eigum við og getum veitt.

Hugur minn er hjá Grindvíkingum.



Mundi

Verður ekki bara tekið við dollurum í Toppnum?

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar af eldsumbrotum á

vf.is



VF/Isak Finnbogason

Mathöll í gamla Toppinn

Mathöllin Völlum mun opna á vormánuðum 2024 á Ásbrú í húsnæði sem á tímum varnarliðsins var veitinga og skemmtistaðurinn „Top of the Rock“.

Að sögn Kjartans Eiríkssonar sem er í forsvari fyrir félaginu ToRo sem stendur að verkefninu er búið er að ganga frá samningum við sex af átta veitingaaðilum og verða þeir tilkynntir á næstunni. Má þar m.a. nefna aðila sem bjóða upp á japanskan, indverskan og ítalskan mat. „Enn eru tveir staðir lausir og því er tækifæri fyrir áhugasama aðila að koma og ræða við okkur. Við höfum mikinn áhuga á að ræða við aðila sem hafa metnaðarfullar hugmyndir að slíkum rekstri, t.d. varðandi vandaða hamburgara, heilsurætti o.fl. Markmið er að

gæðalega verði mathöllin á pari við það sem best þekktist hér á landi og taki einnig mið af þeirri þróun sem á sér stað í slíkum rekstri í heiminum,“ segir Kjartan.

Húsnæðinu verður skipt upp í þrjá hluta undir mathöll, framleiðslueldhús og annan rekstur. Búið er að hanna endurbætur hússins og framkvæma stóran hluta þeirra.

„Þá er gert ráð fyrir afþreyingarrekstri í öðrum hluta hússins sem styður við og styrkir rekstur mathallarinnar. Hvað þennan þátt varðar þá eru spennandi viðræður í gangi við reynslumikla aðila,“ segir Kjartan en meðeigendur hans í ToRo eru bræðurnir Sverrir og Sævar Sverrissynir.



Tölvumynd úr Mathöllinni Völlum.

Þróunaráætlunin K64 hlýtur alþjóðleg skipulagsverðlaun

K64, þróunaráætlun Kadeco, vann til verðlauna í flokki samgönguverkefna The Plan Awards fyrir áramót. The Plan-verðlaunin eru alþjóðleg verðlaun á sviði arkitektúrs, innanhússhönnunar og borgarskipulags og eru veitt árlega. Flokkarnir eru tuttugu talsins og tilnefningar á hverju ári ríflega eitt þúsund.

Meðal annarra verkefna sem tilnefnd voru í sama flokki og K64 má nefna stækkun flugstöðvarinnar í Riga, sem One Works hannaði, Elizabeth neðanjarðarlestarlinan í London eftir Grimshaw Architects og samgöngumiðstöð í Toronto sem hönnuð var af Arcadis IBI Group.

K64 þróunaráætlunin var unnin af alþjóðlegu teymi undir forystu hollenska arkitektafyrirtækisins KCAP, en í teyminu var m.a. íslenska stofan Kanon Arkitektar og VSO ráðgjöf. Þróunaráætlunin er heildstæð sýn á uppbyggingu í kringum Keflavíkurflugvöll á ákveðnum þróunarsvæðum sem saman mynda vistkerfi sem ein-kennist af samvinnu og sambúð



Samuel Torfi Pétursson, þróunarstjóri Kadeco, Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri, Elin Ragnheiður Guðnadóttir, yfirverkefnastjóri, og Bergný Jóna Sævarsdóttir, sjálfhærnistjóri.

idnaðar, samgangna, nýsköpunar og sjálfbærar byggðarþróun.

Keflavíkurflugvöllur er drifkraftur fyrir efnahags-, umhverfis- og samfélagslega sjálfbært svæði og mikilvægur við þróun byggðar á Suðurnesjum. Staðsetningin á milli Evrópu og Ameríku, nálægðin við höfuðborgarsvæðið, sveitarfélögin við völinn og kostir íslensks sam-

félags eru ótvíræðir. Græn orka, sveigjanleiki og aðlögunar- og samstarfshæfni samfélagsins eru sömuleiðis mikilvægir þættir í því að skapa einstök tækifæri á svæðinu. Rík áhersla er lögð á að svæðið þróist í takt við samfélagið í kring.

Í umsögn dómnefndar The Plan Awards sagði meðal annars:

„Þetta er metnaðarfull áætlun og aðlaðandi framtíðarsýn fyrir Suðurnes, flugvöllinn og Ísland. Verkefnið er nálgast sem samþætt aðalskipulag sem sameinar flutninga, orku, iðnað, verslun og félagslegt skipulag, mun það auka fjölbreytni í hagkerfi svæðisins og auka vægi verðmætari geira. Fyrsta flokks íbúðahverfi og menningar-

rými styðja við þessi markmið. Skipulagið stuðlar að flugvallatengdri starfsemi og undirbýr svæðið undir vöxt með aðlaðandi íbúðabyggingu, menntunarmöguleikum, fjölbreyttri menningu og þjónustu.“

Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco:

„Það er virkilega ánægjulegt að sjá K64 fá þessa viðurkenningu, sem verkefnið á svo sannarlega skilið. Mikil vinna fór í að búa til metnaðarfulla en líka raunhæfa þróunaráætlun fyrir svæði sem að mínu mati er einstakt á Íslandi hvað varðar tækifæri til uppbyggingar. Þessi útkoma hefði ekki náðst nema fyrir það mikla samráði og samvinnu við samfélagið. Þetta samstarf heldur nú áfram, því verkefni næstu ára og áratuga er að gera þessa spennandi framtíðarsýn að veruleika.“